



**Landssambandsþing
6.–7. maí 2017
Skýrslur deilda og nefnda**

Alfadeild

2015-2016.

Talsverð eftirvænting fylgdi starfi Alfadeildarinnar haustið 2015. Merkisafmæli deildarinnar setti hátíðlegan svip á starfið. Fyrsti fundur vetrarins var haldinn í Borgarleikhúsinu. Þar rifjuðum við upp, í Orðum til umhugsunar, sögu Delta Kappa Gamma, auk þess að hugsa með hlýju og þakklæti til þeirra íslensku kvenna sem ruddu brautina og stofnuðu Alfadeildina. Kynningarfulltrúi leikhússins hélt erindi og gekk auk þess um alla króka og kima Borgarleikhússins með okkur. Þessu til viðbótar var inntökuathöfn, sem alltaf setur hátíðlegan svip á fundina. Léttur og ljúffengur málsverður var síðan borinn fram og nutu Alfakonur þess að snæða saman í ljúfri nærveru hver annarrar.

Afmælishátíðin sjálf var svo næst á dagskrá. Þar fór saman metnaðarfullt málþing og skemmtileg samvera og má með sanni segja að afmælisnefndin hafi staðið sig með sóma. Um afmælishátíðina sjálfa væri hægt að skrifa langt mál; eftirminnileg erindi, fallegur söngur stúlknaðsins og fjöldasöngur, að ógleymdu bráðskemmtilegu happdrætti sem stjórnað var með glæsibrag. Það sem upp úr stendur hins vegar er góð samvera kvenna sem hafa vináttu, trúmennsku og hjálpsemi að leiðarljósi.

Aðventufundurinn var síðan haldinn í sannkölluðu vetrarveðri með tilheyrandi ófærð. Fundurinn var haldinn í Háaleitisskóla/Álftamýri og þar var borið fram dýrindis hangikjöt með öllu tilheyrandi. Orð til umhugsunar voru í höndum nýrrar félagskonu og er óhætt að segja að þar hafi sérhvert orð hitt í mark og vakið til umhugsunar. Að auki kom rithöfundurinn og fyrirlesarinn Þorgrímur Þráinsson í heimsókn. Í stuttu máli sagði hann frá heimsóknum sínum í alla 10. bekki á öllu landinu síðastliðin fimm ár og hrifust deildarkonur mjög af hugsjón og eldmóði hans. Á aðventufundinum passar rauði liturinn og gylltu kertastjakarnir einstaklega vel og að honum loknum var gengið út á drifhvíta jörð með óskir um gleðilega hátíð og farsæld á nýju ári.

Fyrsti fundur deildarinnar í byrjun árs 2016 var haldinn á Kringlukránni 13. febrúar. Þá voru teknar inn tvær nýjar félagskonur. Sigurður Örn Þórisson, framkvæmdastjóri rekstrarfélags Kringlunnar, kynnti helstu þætti í rekstri Kringlunnar og kom félagskonum á óvart hve margslunginn reksturinn er. Spunnust fjörugar umræður að loknu innleggi Sigurðar og kom í ljós að ein félagskona, Sjöfn Sigurbjörnsdóttir, hafði setið í borgarráði þegar ákvörðun var tekin um að leyfa byggingu verslunarmiðstöðvar á þessum stað. María Solveig Héðinsdóttir varaformaður rifjaði upp gamla verslunarhætti í afar skemmtilegum pistli og sagði frá því þegar hún fylgdist með ömmusystur sinni, Hildigunni Olgeirsdóttur, við afgreiðslustörf í Hljóðfærahusi Reykjavíkur skömmu eftir 1960.

Það var höggvið stórt skarð í raðir félagskvenna þegar Jenna Jensdóttir, kennari og rithöfundur, lést 6. mars. Jenna var einn af stofnendum DKG á Íslandi og var alla tíð tryggur félagi. Hún sótti alla fundi og lagði ávallt eitthvað uppbyggilegt til mála. Félagskonur Alfadeildar minntust Jennu með einnar mínútu þögn á öðrum fundi deildarinnar þann 16. mars. Hann var haldinn í Austurbæjarskóla, en skólastjórinn þar er Kristín Jóhannesdóttir, sem situr í stjórn Alfadeildar. Kristín, sem var áður skólastjóri í Fellaskóla í Reykjavík, tók við skólastjórn í Austurbæjarskóla síðastliðið haust og er fyrsta konan til að gegna því starfi. Gestur fundarins var Arnfinnur Jónsson, formaður hollvinafélags Austurbæjarskóla, og rakti hann sögu skólans í stuttu máli. Hann gekk sjálfur í Austurbæjarskóla, en þá var föðurbróðir hans og nafni skólastjóri. Seinna var hann kennari við skólann um nokkra ára skeið. Arnfinnur

gjörþekkir skólann og að loknu erindinu gekk hann með Alfakonum um skólann og rifjaði upp ýmislegt sem tengdist húsnæðinu.

Síðasti fundur vetrarins, sem jafnframt var aðalfundur, var haldinn 28. apríl í Dugguvogi 9. Viðfangsefni fundarins var venjuleg aðalfundarstörf og kosning nýrrar stjórnar. Uppstillingarnefnd skilaði inn tillögu að nýrri stjórn og var tillagan samþykkt. Félagskonur nutu vorsins og léttra veitinga í félagsskap hvernar annarrar.

Það er mat fráfarandi stjórnar að í hennar stjórnartíð hafi verið tekið á mörgum málum og ýmsar mjög áhugaverðar kynningar hafi átt sér stað. Þemað sem farið var af stað með var Menntun núna! og telur stjórnin sig hafa séð um kynningar á menntun á Íslandi frá mörgum sjónarhornum.

2016-2017

Ný stjórn skipuð Ingibjörgu Elsu Guðmundsdóttur, formanni, Guðríði Sigurðardóttur, varaformanni, Elsu Petersen, ritara, Ástu Valdimarsdóttur og Margréti Gunnarsdóttur Schram, meðstjórnendum, tók til starfa snemma hausti við undirbúning vetrarstarfsins. Ákveðið var að hafa þema ársins nám fullorðinna og menningartengt nám.

Á fyrsta fundi ársins þann 24. september var Safnahúsið við Hverfisgötu heimsótt og skoðuð sýningin Sjónarhorn, en það var þjóðminjavörður Margrét Hallgrímsdóttir sem leiddi okkur um sýninguna og sagði frá því hvernig aðkoma sex stofnana hefði lagt grundvöllinn að nýstárlegri sýn á menningararfinn. Hún lýsti því hvernig sýningarstjórinn lagði til ólík sjónarhorn, þannig að stofnanirnar sýndu saman á grundvelli ákveðins þema, en ekki sitt í hvoru lagi. Safnahúsið er nú hluti af Þjóðminjasafninu eftir sameiningu 2013. Sjónarhorn er grunnsýning sem Þjóðminjasafnið vann í samstarfi við systurstofnanir sem eiga allar rætur í húsinu. Það eru stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Listasafn Íslands, Náttúruminjasafn Íslands, Landsbókasafn Íslands og Þjóðskjalasafn Íslands. Í orðum til umhugsunar fjallaði Steinunn Ármannsdóttir, fyrrverandi formaður, um kennarastarfið og neikvæðar umræður um það.

Á öðrum fundi vetrarins þann 25. október var haldið í heimsókn til Háskólans í Reykjavík til að kynnast frumgreinanáminu. Rektor HR, Ari Kristinn Jónsson, tók á móti hópnum í anddyri skólans og leiddi hópinn um húsakynni og sagði frá sögu og þróun skólans, námsbrautum og skólastarfinu. Litið var inn í rannsóknarstofu verkfræðideildar sem er ólík hefðbundinni háskólakennslustofu og þar var fjöldi nemenda við vinnu þótt hefðbundnum kennsludegi væri lokið. Gangan endaði í dómssal lagadeildar skólans og þar hélt fundurinn áfram. Málfríður Þórarinsdóttir, forstöðumaður Frumgreinadeildar, sagði frá starfi deildarinnar og svaraði spurningum. Frumgreinadeildin var í upphafi stofnuð í Tækniskólanum til að auðvelda iðnmenntuðu fólki að bæta við sig námi til að geta hafið háskólanám. Nú er fjölbreyttari hópur við nám á fjórum námsbrautum til undirbúnings námi í HR. Nemendur eiga það sameiginlegt að hafa ekki lokið stúdentsprófi. Kynning Málfríðar var mjög áhugaverð og fræðandi og voru fundarkonur ánægðar með fundinn.

Síðasti fundur ársins, jólafundurinn, var haldinn 1. desember á heimili formanns Alfadeildarinnar. Dagskrárliðir voru hefðbundnir, fjallað var um starfið í DKG, meðal annars lesin upp markmið DKG, fjallað var um starfið í erlendum nefndum DKG. Gunnar Helgason heiðraði samkomuna með upplestri úr bók sinni Pabbi prófessor ásamt því að segja frá öðrum bókum sínum. Dregið var í happdrætti Alfadeildar og fengu allar konur lítinn vinning með sér heim. Félagskonur sungu og gæddu sér á góðri hátíðarmáltíð, sem elduð var af

myndlistarkonunni Brynhildi Þorgeirsdóttur, sem jafnframt bauð konum í heimsókn í vinnustofu sína skammt frá fundarstaðnum. Þáðu margar þetta góða boð.

Tveir fundir voru haldnir á fyrri hluta ársins 2017. Fyrri fundurinn var haldinn í Söngskólanum í Reykjavík þann 14. febrúar, þar sem Garðar Cortes skólastjóri bauð félagskonur velkomnar og gat þess að Ásta Valdimarsdóttir félagskona í Alfadeild væri gamall nemandi skólans. Ásrún Davíðsdóttir, aðstoðarskólastjóri, flutti mjög áhugavert erindi um skólann og starfsemi hans og er ljóst að Garðar Cortes og samstarfsfólk hans hefur lyft grettistaki með stofnun og rekstri Söngskólans. Nemendur sem brautskrást úr skólanum eiga opna leið inn í tónlistarháskóla víða erlendis og margir hafa fengið lof fyrir dugnað og atgervi. Nokkrir nemendur úr óperuhópi nemenda sungu tvo kafla úr Töfraflautunni eftir Mozart og fengu dynjandi lófaklapp í þakklætiskyni. Ásta Valdimarsdóttir fór með orð til umhugsunar og fjallaði um gildi tónlistar og tónlistarnáms, sem var mjög í anda heimsóknarinnar.

Undir liðnum önnur mál fór formaður yfir tilkynningar frá landssambandinu, ýmsa umsóknarfresti, skýrslur sem hafa verið birtar, nýja vefi og aðgang að vefjum DKG ásamt upplýsingum um landssambandsþingið í byrjun maí.

Annar fundur ársins var haldinn í Fjölbrautarskólanum í Breiðholti þann 5. apríl. Eftir stutta kynningu af hálfu skólameistara og tveggja fagstjóra var farin kynnisferð um skólann sem er rúmgóður, bjartur og ákaflega snyrtilegur. Litið var inn í ýmsar deildir, sem voru vel búnar tækjum og tólum til kennslu í hinum ýmsu verklegu greinum. Agi og hreinlæti er greinilega í fyrirrúmi á snyrtibrautinni sem fagstjóri kynnti. Litið var inn í kennslustofur í húsasmíða-, rafvirkja- og textíleild. Staldráð var við í kennslustund á sjúkraliðabraut og sýndi kennarinn okkur verklegu aðstöðuna. Verkefnisstjóri Fab Lab Reykjavíkur útskýrði námið og sýndi ótal tæki og tölvur sem hægt er að láta vinna alls konar flókin verk. Fab Lab er stytting á enska orðinu fabrication laboratory - á íslensku stafræn smíðja - sem er þátttakandi í alþjóðlegu Fab Lab samstarfsneti.

Eftir mjög áhugaverða skoðunarferð um skólann hélt fundurinn áfram með hefðbundnum hætti. Síðan var snæddur ljúffengur málsverður sem kokkur skólans matreiddi fyrir hópinn.

Undir borðhaldi voru tekin til umræðu ýmis mikilvæg málefni eins og undirbúningur fyrir landsþingið, hugmyndir að fundaðefnum og fundarformi næsta vetur og inntaka nýrra félagskvenna.

Á þessum síðasta fundi lýstu fundarkonur yfir ánægju með vetrarstarfið og hlakka til næsta vetrar. Mikill áhugi er á að kynnast nánar því sem atvinnulífið gerir í menntamálum og ýmsum stofnunum sem eru nýjar af nálinni.

Stjórnin, sem hefur hist á 7 fundum í vetur, hefur þegar hafið undirbúning fyrir næsta vetur með því að fara í hugarflug og jafnframt leita eftir hugmyndum frá félagskonum. Það er samdóma álit okkar að vel hafi tekist til í vetur og hlökkum við til að gera enn betur næsta vetur.

*Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir,
formaður*

Betadeild

Starfsárið 2015–2016 hófst með haustferð og var ferðinni heitið fram í Eyjafjarðarsveit. Fyrsta stopp var hjá listakonunni Höddu sem heitir fullu nafni Guðrún Hallfríður Bjarnadóttir og býr í Fífilbrekku. Hún byrjaði á að ganga með okkur um landareign sína þar sem búið er að byggja hin ýmsu hús, stór og smá. Á einum stað er hún með býflugnarækt og sagði hún okkur ýmsar sögur í því sambandi. Eitt húsanna er með opið eldstæði, í öðru er stór kamína sem heldur því heitu og þar hefur Hadda haldið námskeið. Bauð hún okkur upp á heimagert fíflavín og te, í því húsi. Vinnustofan hennar heitir Dýngjan



listhús og er glæsilegt hús þar sem hún er með vefstóla, listmuni o.fl. Eftir að hafa kvatt Höddu var haldið yfir á austurbakkann að Meðferðarheimilinu á Laugalandi. Þar var áður húsmæðraskóli en er nú meðferðarheimili fyrir stúlkur á aldrinum 13-18 ára. Tveir starfsmenn tóku á móti okkur og ein stúlka sem þar dvelur. Þar fengum við fræðslu um það frábæra starf sem þar er unnið en færstar okkar vissu mikið um það. Eftir kynninguna héldum við á veitingastaðinn Lamb-inn þar sem hinn formlegi

fundur hófst. Eftir fund var snæddur dýrindis kvöldverður þar sem lambakjöt og bleikja var á boðstólum.

Þemað veturinn 2015-2016 bar yfirskriftina „Móðir jörð“. Tveir fundir voru fyrir áramót þar sem við fengum góða gesti í heimsókn. Á fyrri fundinum var gestur kvöldsins Gígja Kjartansdóttir Kvam og fræddi hún okkur um fyrirtæki sitt Urtasmiðjuna. Fyrirtækið hefur hún starfrækt í 25 ár en það framléiðir snyrtivörur úr íslenskum jurtum. Hún byggir það á arfleifð frá ömmu sinni og mömmu sem spáðu mikið í ýmis konar jurtir og var hún alin upp í þeim anda. Gestur á seinni fundinum var Valgerður Jónsdóttir framkvæmdastjóri Norðurlandsskóga. Hún ræddi um skógrækt á Íslandi og mikilvægar staðreyndir í tengslum við hana. Þetta var áhugavert og skemmtilegt erindi.

Í byrjun desember var sameiginlegur jólafundur hjá Beta- og Mýdeild. Á þeim fundi gæddu konur sér á góðum jólaréttum, hlýddu á tónlist og tal og áttu notalega stund saman. Þessi skemmtilega hefð skapaðist árið 2011 og hefur haldist síðan.

Í janúar 2016 var hefðbundinn bókafundur þar sem konur sögðu frá bókum sem þær höfðu lesið. Hefð er fyrir því á þessum fundi að velja tvær áhugaverðar bækur og ræða þær á óhefðbundnum fundi í mars. Þær bækur sem urðu fyrir valinu voru Ljós af hafi eftir M.L. Stedman og Stóri skjálfti eftir Auði Jónsdóttur. Betasystur hittust á veitingahúsinu Strikinu í mars, áttu saman góða kvöldstund og ræddu þessar bækur ásamt því að gæða sér á gómsætri kjúklingasúpu.



Á fundum deildarinnar í febrúar og apríl var hefðbundin dagskrá en auk þess hlýddu konur á áhugaverða fyrirlestra. Í febrúar var Halldóra Haraldsdóttir í Betadeild með fyrirlestur sem bar yfirskriftina „Frá Sólborg til HA – á einni starfsævi“. Þar rakti hún þróun og breytingar á skólastarfi þroskaheftra einstaklinga en Halldóra hefur starfað á því sviði nánast alla sína starfsævi. Í apríl fékk deildin til sín Kristínu Margréti Jóhannsdóttur en fyrirlestur hennar fjallaði um þróun íslenskrar tungu hjá Vestur Íslendingum. Hún, ásamt fleiri aðilum, hefur rannsakað þessa þróun og hvernig málið vestanhafs er smám saman að deyja út. Þetta voru tveir ólíkir, en áhugaverðir og fræðandi fyrirlestrar.



Lokafundur Betadeildar var haldinn í maí en á honum voru hefðbundin aðalfundarstörf og ný stjórn tilkynnt. Eftir að fundi lauk fóru konur saman út að borða og áttu notalega samverustund. Skemmtilegt er að enda vetrarstarfið á huggulegum nótum.

Starf Betadeildar haustið 2016 hófst að venju með haustferð í september. Að þessu sinni var haldið í Svarfaðardalinn þar sem við sóttum Önnu Dóru Hermannsdóttur á Klængshóli heim. Hún bauð okkur í

Jóga á hlöðuloftinu sínu þar sem dásamlegt útsýni fram Skíðadalinn nærði ekki síður en jógaæfingarnar. Þá var haldið að Völlum, utar í sveitinni, þar sem hjónin Bjarni Óskarsson og Hrafnhildur Ingimarsdóttir tóku á móti okkur og buðu til sinnar hlöðu. Þar héldum við okkar fyrsta fund og gæddum okkur á ljúffengum veitingum úr garði og eldhúsi þeirra Vallarhjóna. Á þessum fyrsta fundi lagði ný stjórn fram þema næstu tveggja starfsára. Lagt verður út af þemanu „Innri auður“ og horft til þess að efla innri auð félagskvenna og að kynnast þeim innra auði, styrk og þekkingu sem er að finna í deildinni okkar.



Á alþjóðadegi kennara, þann 5. október, var haldið samræðuþing á Akureyri sem var samstarfsverkefni Beta- og Mýdeildar. Yfirskrift samræðuþingsins var Nýi kennarinn í starfi og er skemmst frá því að segja að þingið, sem var öllum opið, sóttu um 70 manns og var almenn ánægja með þessa framkvæmd og framtak. Ekki er hefð fyrir því á Akureyri að minnast eða fagna alþjóðadegi kennara og vildu DKG konur leggja sitt af mörkum til þess að vekja athygli á deginum og efla umræðu um kennarastarfið.

Á októberfundinum sagði Betasystirin Jónína Hauksdóttir, leikskólastjóri á Naustatjörn, frá ferð sem hún fór til Mexíkó á liðnu ári ásamt sendinefnd sem í voru fulltrúar mennta- og heilbrigðisstofnana á Akureyri. Markmið ferðarinnar var að kynna sér og koma á tengslum við svokallaða CENDI skóla sem þar eru reknir. Á nóvemberfundinum fengum við heimsókn frá Kristínu Viðarsdóttur sálfræðingi sem hefur kynnt sér og menntað sig í hugmyndafræði núvitundar og innleitt hana í starf sitt í þeim skólum er hún hefur starfað í á grunn- og framhaldsskólastigi. Kristín sagði okkur frá starfi sínu og jákvæðum áhrifum sem iðkun núvitundar hefur á nemendur og hún tók einnig nokkrar núvitundaræfingar með Betakonum.



Sameiginlegur jólafundur Beta- og Mýsystra var haldinn í Naustaskóla þann 1. desember. Að venju áttu konur notalega stund, með söng, góðum mat og sönnum jólaanda. Á fundinn komu þrír gestir sem Betasystur höfðu boðið sem lið í því að fjölga félagskonum í deildinni. Erindi kvöldsins flutti Elisabeth Jóhanna Zitterbart úr Mýdeild. Hún er frá Þýskalandi og sagði frá því hve hinn kaþólski undirbúningur jólanna í hennar uppveksti var afskaplega ólíkur því sem nú tíðkast á Íslandi.

Fyrsti fundur deildarinnar á nýju ári var bókafundur. Þar sögðu konur frá einni bók sem þær höfðu lesið. Í lok fundar voru svo valdar tvær bækur sem ræddar verða á leshringsfundi sem haldinn er í mars. Bækurnar sem urðu fyrir valinu voru: *Svartalogn eftir Kristínu Mörju Baldursdóttur* og *Þar sem fjórir vegir mætast eftir finnska höfundinn Tommi Kinnunen*. Á leshringsfundinum sköpuðust líflegar umræður um bækurnar og sitt sýndist hverri konu um ágæti þeirra.

Á febrúarfundi flutti Erna Gunnarsdóttir, Betasystir, erindi. Erna fékk námsorlof veturinn 2014 – 2015 og dvaldi í London á haustönninni þar sem hún kynnti sér óhefðbundnar kennsluaðferðir með það fyrir augum að efla sig í því að ná til þeirra nemenda sem eiga erfitt með að fóta sig í hefðbundnu bóklegu námi og eru í brottfallshættu. Erindi Ernu var fróðlegt og veitti hún innsýn í skólamenningu og skólastarf í Lundúnaborg í máli og myndum.



Á nýliðnum fundi nú í mars flutti Eiríkur G. Stephensen, skólastjóri Tónlistarskóla Eyjafjarðar, erindi um kventónskáld fyrri alda í tónlistarsögunni. Erindi hans var afar fróðlegt og merkilegt og kryddað ljúfum tóndæmum.

Þann 2. júní næstkomandi fagnar Betadeild 40 ára starfsafmæli og verður afmælinu fagnað á fyrsta fundi deildarinnar í haust. Starfsárinu 2016-2017 lýkur með vorkundi sem haldinn verður nú í maí. Það er mjög gleðilegt frá því að segja að á þeim fundi verður inntaka nýrra félaga, deildin okkar er í stöðugum vexti og starfið okkar er öflugt og gefandi.

Að lokum vil ég fyrir hönd Betasystra bjóða ykkur hjartanlega velkomnar til Akureyrar á Landssambandsþing DKG, megið þið njóta dvalarinnar og samverunnar. Gleðilegt sumar.

*Aníta Jónsdóttir,
formaður Betadeildar.*

Gammadeild

Útdráttur úr skýrslu formanns Gammadeildar fyrir árin 2014-2016.

Stjórn Gammadeildar þetta kjörtímabil var þannig skipuð:

Kristín Bjarnadóttir, formaður
Björk einisdóttir, varaformaður
Svana Friðriksdóttir, ritari
Kristín Jónsdóttir, meðstjórnandi

Með stjórn starfaði Ragnhildur Þórarinsdóttir sem gjaldkeri.

Starfið:

Stjórn valdi að beina athygli á starfstímabilinu að konum sem hafa sýnt frumkvæði og tekist á hendur leiðtogahlutverk. Að baki lágu miklar breytingar á íslensku menntakerfi á tímabilinu frá miðjum sjöunda áratugnum og fram undir 1980. Ný lög um háskóla 1971 og grunnskólalög, sett árið 1974, breyttu sviðinu, gagnfræðaskólar hurfu en aðrar námsleiðir urðu til. Aldagamlir skólar eins og Kvennaskólinn í Reykjavík og Flensborgarskólinn fengu nýtt hlutverk og nýir skólar voru stofnaðir um allt land. Upp úr þessum jarðvegi uxu glæsilegar konur, sem hafa valist til forystu á mörgum sviðum.

Að venju voru fyrstu haustfundir helgaðir listum og menningu, heimsótt Hönnunarsafnið fyrra árið og skúlptúrlistamaðurinn Steinunn Þórarinsdóttir seinna haustið.

Þrjár Gammakonur kynntu störf sín, Soffía Sveinsdóttir kennari í Menntaskólanum við Hamrahlíð var heimsótt, Anh Dao Tran kynnti doktorsverkefni sitt og Árný Elíasóttir kynnti fyrirtæki sitt, Attentus ásamt samstarfskonu sinni, Ingunni Björk Vilhjálmsdóttur.

Heimsóttar voru aldagamlar en síngar stofnanir og hreyfingar sem hafa endurnýjast í tímans rás. Kvennaskólinn í Reykjavík, sem fagnaði 140 ára afmæli sínu, Ólafur Proppé kynnti fyrir okkur menntunarhlutverk skátahreyfingarinnar á Íslandi og Kristín Ástgeirsdóttir sagði okkur frá aðdraganda kosningarréttar kvenna. Þá tók Vigdís Jónsdóttir, skjalavörður Alþingis á móti Gammdeildinni í Alþingishúsinu. Hún sagði frá námi sínu og starfsemi Alþingis og Vilhjálmur Bjarnason alþingismaður sýndi húsakynni þingsins.

Fjórar konur sem standa fyrir blómlegum einkafyrirtækjum voru heimsóttar. Sigrún Ragna Ólafsdóttir, forstjóri VÍS, Aðalheiður Héðinsdóttir, eigandi Kaffitárs, Guðrún Bjarnadóttir í Ullarselinu í Andakíl og Halldóra Hreggviðsdóttir í Alta í Ármúla.

Á aðlfundinum sem haldinn var 6. júní 2016 þakkaði formaður Gammasysturum fyrir einkar ánægjulega samveru og gat þess jafnframt að við ættum að vinna enn betur að því að konur kæmu sjónarmiðum sínum á framfæri. Sumar konur eru að ljúka löngum og farsælum starfsferli, en aðrar eru að feta sig áfram við nýjar áskoranir í nýjum störfum.

Ný stjórn var kosin til næstu tveggja ára og í stjórn sitja:

Ingibjörg Einarsdóttir, formaður
María Pálmadóttir, varaformaður
Edda Pétursdóttir, ritari
Helga Thorlacius, meðstjórnandi og vefstjóri
Stjórnin kaus síðan Björgu Eiríksdóttur sem gjaldkera.

Gammadeild (haustpistill 2016)

Þegar haustið svífur að með fögrum náttúrulitum ríkir ávallt eftirvænting í loftinu við fyrsta fund Gammadeildar sem að þessu sinni var haldinn að Hulduhólum í Mosfellsbæ hjá listakonunni Steinunni Marteinsdóttur. Að lokinni heimsókninni var haldið í Álafoskvosina og þar snæddur kvöldverður og dagskrá vetrarins lögð fram og samþykkt. Stjórnin hafði lagt til að unnið yrði áfram með þema vorþingsins og er yfirskrift vetrarins:

Hvað vitum við um móttöku fólks af erlendu bergi og hvernig viljum við að staðið sé að þessum málaflökki?

Í samþykktri dagskrá eru tilgreindar dagsetningar allra funda og staðsetningar en það eru níu fundir auk landssambandsþingsins.

Októberfundurinn var haldinn í Landakotsskóla en skólastjórinn hún Ingibjörg Jóhannsdóttir er einmitt félagskona í Gammadeild. Sérstakir gestir fundarins voru konur í Lambdadeildinni sem var einstaklega skemmtilegt. Sú deild er ung að árum, einungis sex ára en Gammadeildin nálgast fertugt. Í skólanum fengum við góða kynningu á alþjóðadeild skólans og hvernig skólinn almennt tekur á móti nemendum af erlendu bergi. (sjá nánar fundargerð á heimasíðu)

Nóvemberfundurinn var svo haldinn heima hjá Eddu Pétursdóttur, félagskonu í Gammadeild og þó stofan hennar sé ekki sú stærsta sem sést hefur þá fór vel um rúmlega 30 konur en mæting á fundina okkar er alltaf svo góð. Gestur fundarins var Þórunn Ólafsdóttir, formaður Akkeris og sjálfboðaliði og hélt hún mjög áhugavert erindi um starf sitt á eyjunni Lesbos. Frásögn hennar hreyfði verulega við okkur (sjá nánar fundargerð á heimasíðu). Eygló Björnsdóttir, forseti landssambandsins var einnig gestur fundarins. Hún ávarpaði fundinn og upplýsti okkur um margt er viðkemur félagsstarfinu.

Jólafundurinn er á næsta leiti og er alltaf mikill hátíðarfundur. Við höldum hann ávallt í heimahúsi félagskonu og að þessu sinni er hann heima hjá Gerði G. Óskarsdóttur. Við fáum í heimsókn rithöfund eða listamann og að þessu sinni er gesturinn Bjartmar Guðlaugsson og mun hann kynna nýju bókina sína og gleðja okkur á ýmsan máta. Félagskonur koma með meðlæti á fundinn, sýnishorn af jólasماكökunum og er venjan sú að borð svigna undan veitingum. Þá er sungnir jólasálmar og glaðar og kátar höldum við ávallt af þessum fundi sem og öðrum fundum deildarinnar. Við höldum svo áfram með þema vetrarins á vorönninni, trúar einkunnarorðum samtakanna, *vináttu, hjálpsemi og trúmennsku*. Það er kraftur og tilhlökkun sem einkennir starfið í Gammadeild.

Deildin heldur upp á 40 ára afmæli sitt í vor en árið 2017 er í raun merkisár í sögu samtakanna. Landssambandið verður 40 ára þ. 28. mars en það var stofnað af dr. Inez Jeffrey sem þá var útbreiðslustjóri samtakanna að viðstöddum 50 konum frá Bandaríkjunum og Kanada. Þá voru deildirnar orðnar þrjár en nú eru þær 12 og eiga margar tugafmæli á næsta ári. Til fróðleiks má benda yngri félagskonum á heimildarrit DKG á Íslandi sem gefið var út á 20 ára afmæli landssambandsins og er til í öllum deildum. Þá var á 40 ára afmælinu árið 2007 gefin út bókinn ÞEKKING – ÞJÁLFUN – ÞROSKI sem hefur að geyma greinar um uppeldis- og fræðslumál eftir félagskonur í Delta Kappa Gamma á Íslandi.

*Ingibjörg Einarsdóttir,
formaður*

Gammadeild (vorpistill 2017)

Gammadeildin kom saman að nýju 10. janúar og undirbúningur fyrir þennan fund hófst í raun á jólafundinum. Þar drógu félagskonur úr potti nöfn tveggja nýrra jólabóka því ákveðið hafði verið að á janúarfundinum yrði fjallað um þessar bækur. Janúarfundurinn bar yfirskriftina "jólabókaflóðið" og nú skyldi fjallað um bókina *Hestvík* eftir Gerði Kristnýju og hins vegar um bókina *Villisumar* eftir Guðmund Óskarsson. Á fundinum var því skipt upp í tvo hópa og sköpuðust miklar og skemmtilegar umræður og hópurinn kom síðan saman í lokin og gerði grein fyrir sínum umræðum. Þegar rúmlega 30 konur hittast og ræða um bókmenntir þá lifnar nú heldur yfir samkomunni!! Fundurinn var haldinn heima hjá Ingibjörgu Jónasdóttur en þar hentar húsnæðið mjög vel til að skipta hópnum í tvennt.

Næstu tveir fundir voru svo haldnir í Setbergsskóla en þar er María Pálmadóttir, skólastjóri en hún er varaformaður Gammadeildar. Á þeim fyrri þann 8. febrúar var Renata Emilsson Peskova gestur fundarins en hún er formaður félagsins Móðurmál. Mjög góður rómur var gerður að fyrirlestri hennar og féll umræðan einkar vel að yfirskrift vetrarins sem er ***"Hvað vitum við um móttöku fólks af erlendu bergi og hvernig viljum við að staðið sé að þessum málaflökki?"***

Marsfundurinn var einnig haldinn í Setbergsskóla en þar bauð skólastjóri upp á glæsilegar veitingar. Gestur fundarins var Fríða Bjarney Jónsdóttir, verkefnisstjóri fjölmenningar hjá Skóla- og frístundasviði Reykjavíkur. Erindið vakti upp margar spurningar og sköpuðust því skemmtilegar umræður.

Í apríl lá leiðin í Ársel, sem er félagsmiðstöð ungmenna á Árbæjarsvæði Reykavíkurborgar. Þar er staðarhaldari Bjarni Þórðarson en stjórnin hafði heyrt um spennandi verkefni sem nemendahópur undir hans stjórn væri að vinna að einmitt í anda yfirskriftar Gammadeildar þetta árið. Þarna mættu næstum allar Gammadeildarsystur og tók Bjarni á móti okkur með 10 manna hóp ungmenna sem hafði undirbúið fundinn mjög vel. Þau sögðu okkur frá því hvernig þau hafa tekið frumkvæði á ýmsum sviðum, m.a. rætt við skólastjórnendur, kennara og nemendaráð Árbæjarskóla um hvað megi gera betur þegar nemendur af erlendu bergi hefja nám í skólanum. Félagsmiðstöðin er líka í góðu samstarfi við hverfamiðstöðina. Það var ánægjulegt að finna hvað frumkvæði unga fólksins var að skila miklu og virkilega til eftirbreytni. Í lok fundarins var svo farið í annan sal og drukkið kaffi og meðlæti með unga fólkinu og að lokum tekin fyrir mál er vörðuðu landssambandsþingið og 40 ára afmælishátíð Gammdeildar en veislan verður haldin 1. júní í Golfskála Kópavogs og Garðabæjar. Afmælisnefndin gerði grein fyrir undirbúningi sem er kominn vel á veg og er greinilegt að nefndin var með margt spennandi í farvatninu.

Starfið í vetur hefur gengið mjög vel, haldnir níu fundir í deildinni og mæting einstaklega góð. Þá stendur deildin fyrir rútuferð á landssambandsþingið og býður öðrum deildum far svo það eru 30 konur sem skella sér í þessari rútu norður. Ekki liggur alveg ljóst fyrir hversu margar Gammasystur sækja Evrópuþingið en vitað er um tvær nú þegar. Í lokin er rétt að geta þess að á vorönn voru kynntar fimm nýjar konur sem tilvonandi félagar í Gammdeild og hefur verið samþykkt að bjóða þeim á afmælishátíðina en formleg inntaka verður síðan á haustdögum.

Við sendum systrakveðju til annarra deilda og óskum ykkur alls hins besta á komandi sumri.

*Ingibjörg Einarsdóttir,
formaður*

Deltadeild

2015–2016

Vetrarstarfið haustið 2015 hófst á Framkvæmdaráðsfundi í Hafnarfirði. Þar var okkur kynnt ný stjórn DKG og nýju kjörorðin „Verum virkar – styrkjum starfið“. Stjórn Delta-deildar hefur aðallega verið í tölvupóstsamskiptum fyrir fundina sem hefur reynst ágætlega þar sem starfsáætlunin fyrir bæði árin var nokkuð tilbúin.

Fyrsti fundur Delta- deildar starfsárið 2015-2016 var haldinn að Fitjum í Skorradal í september. Skorradalurinn skartaði sýnu fegursta þennan haustdag og fengum við góðar móttökur Huldu Guðmundsdóttur ábúanda. Við gengum með Hulda til kirkju, hún sagði okkur sögu Fitjakirkju sem er bændakirkja ein öfárra á landinu. Áður en við kvöddum þessa fallegu kirkju settist Gyða við orgelið og við sungum saman. Því næst skoðuðum við vélaskemmu sem búið er að gera upp og er nýtt í dag sem veislusalur. Fundinn héldum við svo í matsalnum og snæddum dýrindis veitingar sem Guðlaug útbjó. Sóley gjaldkeri greindi frá því að gjaldið til sambandsins væri að hækka og væri það aðalega vegna gengisbreytingar. Konur samþykktu að hækka árgjald Delta-deildar einnig. Starfsáætlun vetrarins var kynnt og skiptast hlutverk innan deildarinnar og er Guðlaug tekin við sem varaformaður.

Íslandsdeild Delta Kappa Gamma átti 40 ára afmæli 7. nóvember og mættum við nokkuð margar Deltakonur á afmælishátíðina.

Annar fundur vetrarins var haldinn á Hótel Húsafelli í nóvember. Edda Arinbjarnardóttir verkefnastjóri Saga jarðvangs eða SAGA GEOPARK í uppsveitum Borgarfjarðar tók á móti okkur. Hún greindi frá aðdraganda að stofnun jarðvangsins, markmiðum og áherslum. Við skoðuðum hótelið sem fellur vel inni fallett landslag Húsafells.

Þriðji fundur vetrarins var í febrúar á Hótel Natura. Kappa-konur buðu Delta-konum í heimsókn. Nokkrar Delta-konur fóru á fundinn. Anh Dao Tran, fyrrverandi Deltakona, er nú í Gamma-deildinni, var með erindi á fundinum þar sem hún ræddi um jafnan rétt ungs fólks úr þjóðernisminnihlutahópum.

Fjórdi fundur vetrarins var haldinn á Bifröst í apríl. Við fengum Önnu Elísabetu Ólafsdóttur aðstoðarrektor á Bifröst til að segja okkur frá merkilegu verkefni sem hún er með í Tanzaníu. Hún fór fyrst til Tanzaníu sem ferðamaður en heillaðist svo að landi og þjóð að hún ákvað að leggja sitt af mörkum til að hjálpa til við að draga úr fátækt og sjúkdómum. Hún og fjölskylda hennar hafa meðal annars lagt vatnsveitu til að færa vatnið nær fólkinu og sett upp sólarcellur til að fá rafmagn. Mjög áhugaverður og fróðlegur fyrirlestur í máli og myndum. Hulda Guðmundsdóttir á Fitjum var gestur fundarins og hyggt hún ganga í deildina okkar.

Vorþingið í lok apríl var haldið í Hafnarfirði og mættum við fjórar á þingið ásamt einum gesti.

Fastir punktar á fundum: Kveikt á kertunum við fundarsetningar, við fáum erindi, ýmist förum við í heimsókn, fáum gesti eða ein af okkur flytur erindi. Orð til umhugsunar / mér er efst í huga flytur ein úr hópnum. Happraættið er alltaf á sínum stað og yfirleitt endum við fundina á að borða saman góðan mat, spjalla og syngja.

2016–2017

Fundur fráfarandi og núverandi stjórnar Delta, fór fram í ágústlok 2016. Það var gott að hittast aðeins og setja sig inn í málin fyrir framkvæmdaráðsfundinn 10. september. Sá fundur var í alla staði mjög lærdómsríkur og gagnlegur. Svo nýr formaður fór heldur betur fullur sjálfstrausts inn í nýja starfið.

Stjórnin hefur haldið tvo stjórnarfundir, þann fyrri til að skipuleggja starfið og sá seinni til að skipuleggja fund og sjálfsefningarhelgi í Ensku húsunum. Síðan er tölvutæknin mikið notuð.

Fundirnir í vetur voru alls fimm og var mætingin þokkaleg, frá átta og upp í þrettán konur mest. Delta deildin telur 23 konur og er stefnan sett á að fjölga konum í deildinni á næsta ári.

Verum virkar-styrkjum starfið. Lífið er leikur- skröttumst saman! Voru markmið vetrarins.

Fyrir utan hefðbundin fundarstörf höfum við alltaf happadrætti, einhverja leiki eða málshætti og svo tókum við upp „lagið mitt“ þar sem hver og ein Delta kona kemur með sitt óskalag sem við syngjum saman. Við fáum inn erindi eða flytjum sjálfar pistla, orð til umhugsunar eða annað fróðlegt. Við ýmist eldum saman eða kaupum tilbúin mat.

1. fundur var haldinn í Garðakaffi Akranesi í október 2016. Fyrirlesari kvöldsins var Ruth Jörgensdóttir Rauterberg, yfirproskabjálfi í frístundamiðstöðinni Þorpinu á Akranesi. Í fyrirlestri sínum sagði Ruth frá starfi Þorpsins og hugmyndafræðinni á bak við það. Í Þorpinu fer fram barna- og unglíngastarf, það er vettvangur frítíma og forvarna þar sem margbreytileiki mannlífsins ræður ríkjum en meginmarkmiðið er að viðhafa „inclusiva“ starfsemi. Ruth sagði frá verkefninu *Gaman saman* sem var upphaflega frístundastarf fyrir fötluð börn í 5. – 7. bekk en þróaðist yfir í það að vera frístund fyrir öll börn á þessum aldri þar sem markmiðið er að rjúfa einangrun og auka þátttöku allra barna í samfélaginu og efla tólmstundamenntun þeirra.

2. fundur var haldin í nóvember í Snorrstofu í Reykholti. Jónína Eiríksdóttir verkefnastjóri í Snorrastofu fjallaði um Reykholt og gildi staðarins fyrir menningu okkar og arfleifð. Fór hún yfir lífshlaup Snorra Sturlusonar og hvernig andi hans og saga staðarins hefur haft mótandi áhrif á viðhorf þeirra er búið hafa á staðnum í gegnum aldirnar. Án Snorra hefðu húsakynni staðarins, þ.á.m. Snorrastofa, aldrei risið, húsakynni sem hafa umvafið félagsskapinn okkar svo vel að við hittumst þar ár hvert er líður að aðventu. Að því loknu var farið í Reykholtskirkju en þar fræddi Dagný Emilsdóttir okkur um kirkjuna, hljóðfærin í kirkjunni og um steindu gluggana. Árið 1992 var efnt til samkeppni um gerð glugganna og urðu tillögur Valgerðar Bergsdóttur myndlistarmanns fyrir valinu. Sótti hún efnivið í Jóhannesarguðspjall og sólarljóð en glerið í gluggunum er svokallað opaque - gler sem breytir litum eftir því hvernig birtan fellur á það. Samveru kvöldsins lauk með því fundarkonur sungu Hátíð í bæ við undirleik Jónínu Örnú en þetta var „Lagið mitt“ sem formaður valdi að þessu sinni. Hátíðlegur endir á hátíðlegum fundi.

3. fundur fór fram í janúar 2017 í Tónlistarskóla Borgarfjarðar í Borgarnesi, í boði Zontaklúbbsins- Uglu. Þar skiptust Delta og Zontakonur á upplýsingum um starfsemi beggja. Theodóra Þorsteinsdóttir, ráfarandi formaður Delta, er félagi í Zonta og hafði forgöngu að því að bjóða Deltadeildinni á fund með þeim. Zontakonur sáu um að skipuleggja fundinn og tóku á móti okkur með skemmtilegheitum og dýrindis veitingum. Theodóra kynnti starfsemi Zontaklúbbsins og Guðlaug formaður og Ásta ritari kynntu Delta, Kappa, Gamma.

4. fundur var haldinn í mars í Vinnumálastofnun Reykjavíkur. Erindi hélt Hrafnhildar Tómasdóttur, sviðsstjóri ráðgjafa- og vinnumiðlunarsviðs Vinnumálastofnunar. Hrafnhildur fór í stuttu máli yfir hlutverk og verkefni Vinnumálastofnunar sem er mjög yfirgripsmikið. Eitt helsta markmið starfseminnar er að veita einstaklingum viðeigandi aðstoð til að verða virkir þátttakendur á vinnumarkaði en stofnunin rekur níu þjónustuskrifstofur í kringum landið þar sem atvinnuleitendur geta m.a. fengið mat á færni, ráðgjöf og úrræði í sinni atvinnuleit. Vinnumálastofnun á gott samstarf við skólakerfið og stofnanir á borð við VIRK

starfsendurhæfingapjónustu. Aðalerindi Hrafnhildar fjallaði um samnorrænt þróunarverkefni UNGA IN I NORDEN eða “Áhersla á ungmenni á Norðurlöndum” sem er á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar og Vinnumálastofnun á aðild að. Delta konur skelltu sér svo í kvöldverð á Kringlukránni.

5. fundur Delta var haldinn í Ensku húsunum á Mýrum föstudaginn 31. mars til laugardagsins 1. apríl. Þar var aðaláherslan lögð á að tengjast og vera virkar í gegnum samveru, eldamennsku, hópavinnu og sjálfseflingu. Inga Stefánsdóttir, sálfræðingur og Delta félagi sá um að efla okkur með því m.a. að ræða um að vera meira í núinu og nota tímann til að njóta en ekki þjóta. Við þurfum að ýta á pásutakkann tvisvar til þrisvar á dag, hinkra við og hugleiða hvað við erum að gera, hlaða batteríin og læra að njóta þess tíma sem til að mynda tækniframfarir hafa sparað okkur í stað þess að hlaða sífellt meira á okkur. Því næst leiddi Inga okkur í gegnum slökun og að því loknu fórum við í 15 mínútna göngutúr þar sem hver kona gekk með sjálfri sér og hugleiddi. Við deildum svo upplifununum úr gönguferðinni í orði, listaverki og ljóði. Virkilega góð samvera sem skilaði öllu því sem markmiðin okkar snerust um.

Delta deildin skartar tveimur konum í Landssambandstjórn, ritara og gjaldkera og einni í Lagadeild. Úr Delta deild ætla 9 konur af 23 að mæta á þingið-eru það ekki ansi mörg prósent. Áfram Delta.

*Guðlaug Sverrisdóttir,
formaður Delta*

Epsilondeild

2016 - 2017

Í fallegu haustveðri þann 8. október, 2016 hittust við Epsilonsystur fyrir utan Héraðsskólann að Laugarvatni. Þaðan gengum við niður að vatni og hittum Erlu Þorsteinsdóttur. Hún var með skóflu í hönd og gróf upp úr heitum sandinum seytt rúgbrauð sem við gæddum okkur á. Síðan gengum við að stytta Jónasar frá Hriflu sem er í hlíðum Laugarvatnsfjalls og sungum nokkur lög honum til heiðurs. Við funduðum í gamla fallega skólahúsinu sem Guðjón Samúelsson teiknaði en fyrir fundinn sýndi Erla okkur skólahúsnæðið sem er afar fallegt og snyrtilegt.

Á fundinum voru formleg stjórnarskipti en þá lét Erna Ingvarsdóttir af formennsku og Ingibjörg Þorgerður Þorleifsdóttir tók við keflinu. Með henni í stjórn verða Sigfríður Sigurgeirsdóttir ritari, Eydís Katla Guðmundsdóttir gjaldkeri, Hólmfríður Árnadóttir og Kristín Sigfúsdóttir. Ingibjörg sagði frá drögum að næsta starfsári og að reynt yrði að funda sem víðast um Suðurland því svæðið er stórt og ósanngjarnt að sömu konurnar aki alltaf langa vegalengd til að koma á fundi.

2. fundur deildarinnar var haldinn í Þjósárskóla hjá henni Bolette Höeg sem er í deildinni. Gestur fundarins var Guðbjörg Sveinsdóttir frá Þetadeild, fyrrverandi forseti DKG. Hún rifjaði upp með okkur markmið, tilgang og sögu félagsins og fórst það vel úr hendi. Okkur finnst nauðsynlegt að staldra við af og til og minna okkur á. Bolette bauð upp á súpu og brauð sem var hið mesta hnossgæti. Í fundarlok minnti Elinborg Sigurðardóttir okkur á Landsambandsþingið og hversu mikilvægt það væri að mæta þar.

Í desember fjölmenntum við í Bakkastofu á Eyraþakka og héldum jólafund. Gestir/gestgjafar fundarins voru hjónin Ásta Krístrún Ragnarsdóttir & Valgeir Guðjónsson. Ásta sagði okkur

sögu hússins og Valgeir söng við trommuslátt og lét okkur fundarkonur þylja nöfn yfir 70 jólasveina í kvæðamannastíl. Þetta vakti mikla kátínu og hlógum við mikið en þulið gátum við. Eftir góða stund með þeim hjónum á efri hæð hússins fórum við niður og snæddum humarsúpu frá Rauða húsinu. Heim héldum við glaðar og reifar.

Janúarfundurinn var hinn sívinsæli bókafundur. Elinborg Sigurðar opnaði heimili sitt að lðu í Biskupstungum og „upsveitarkonur“ buðu upp á ljúffengt kjúklingasalat og heimabakað brauð. Við Epsilonsystur kepptumst við að segja frá bókum sem við höfðum lesið og við ræddum um þær fram og aftur. Þetta er alltaf afar skemmtilegur fundur og hver og ein okkar heyrir um bók sem eftirsóknarvert er að lesa. Í fundarlok las Sigríður Guttormsdóttir grein sem hún hafði þýtt úr Times og fjallaði hún um læsi í víðum skilningi. Þetta var athyglisvert og gott framtak hjá Sigríði. Einnig settum við niður nöfn á konum á blað sem okkur þætti fengur í að fá í deildina. Ákveðið var að taka ákvörðun um þau og bjóða konum að kynna sér deildina á næstu fundum. Heim ókum við í snjóuggu og litlu skyggni en allar komumst við heim heilar á húfi.

Í febrúar var fundur í Sunnulækjarskóla á Selfossi. Þar var mjög góð mæting og nokkrar konur sem voru gestir er komu að kynna sér deildina. Innanbúðarkona frá okkur var með aðalefnið. Það var Ingibjörg Ingadóttir en hún fræddi okkur um meistararitgerðina sem hún er að skrifa og fjallar hún um óhefðbundna enskukennslu fyrir fullorðna. Þetta var bæði fræðandi og skemmtilegt efni. Veðurguðirnir voru okkur hliðhollir í þetta sinn og við ókum heim í rjómalíðu.

25. mars var svo fundur í Grunnskólanum í Þorlákshöfn. Mæting var góð og nokkrar konur komu sem gestir. Ingibjörg Þorgerður sagði frá vinnunni í læsisteymi MMS. Meðal annars sagði hún okkur frá lestrarprófum sem verið er að semja. Konur voru áhugasamar um fundarefnið. Í lok fundar skrifuðum við niður hvað gæti verið gaman og gagnlegt að funda um næsta vetur. Stjórnarkonur munu fara yfir það og taka ákvörðun. Að fundi loknum fórum við og fengum dýrindis kjötsúpu á Meitlinum en ein úr okkar hópi er vert þar.

Við ákváðum að funda ekki í apríl en hafa vorfund í lok maí.

Fastir liðir hjá okkur Epsilonsystrum er happdrættið og orð til umhugsunar. Við „skiptumst á að vinna“ í happdrættinu og sú sem vinnur kemur með nýjan vinning á næsta fund. Orð til umhugsunar er einnig fastur liður og það er alltaf einhver úr hópnum sem finnur eitthvað gott og uppbyggilegt að segja okkur hinum. Einstöku sinnum falla þessir þættir niður en það er sjaldan sem það gerist.

Ein systirin er svo dásamleg að hún færir okkur rauðar rósir ef við þurfum á að halda og líka stundum til að gleðja, okkur. Það er hún Elín Hannibalsdóttir.

Okkur finnst gott og gagnlegt að funda á vinnustöðum hveirrar annarrar og það er líka dásamlegt þegar einhver okkar býður heim. Einnig er gott að borða saman og njóta samvistanna að fundi loknum. Það styrkir böndin.

Stjórnin hittist af og til og fundar. Einnig sendum við í stjórninni tölvupóst á milli okkar og ráðum ráðum okkar eða þá að við sláum á þráðinn til að taka ákvarðanir.

Við erum sennilega 12 úr Epsilondeild sem mætum norður til Akureyrar á þingið og við hlökkum mikið til.

Zetadeild

2015

Stjórn Zetadeildar var skipuð þeim; Sigríði Herdísi formanni, Ruth Magnúsdóttur og Kristínu Hlíðkvist meðstjórnndum. Áherslan var eins og áður að boða fagnaðarerindið og fjölga félagskonum. Haldnir voru fjórir fundir þetta ár víðsvegar um fjórðunginn.

Fundir voru á Egilsstöðum, Stöðvarfirði og í Neskaupstað. Viðfangsefnið var fjölbreytt að vanda og umræðuefnið gagnleg. Fimmtán konur voru skráðar í deildina en tvær þeirra tóku sér hlé frá starfseminni um haustið. Ein kona var tekin inn á fyrsta fundi haustins.

2016

Haldnir voru sex fundir og ný stjórn var kosin í maí. Helga M. Steinsson formaður, Halldóra Baldursdóttir og Guðrún Ásgeirsdóttir meðstjórnendur. Kristín Hlíðkvist gaf kost á sér sem gjaldkeri áfram. Guðrún Ásgeirsdóttir tók að sér vefstjórnina. Slagorð samtakanna „verum virkar og styrkjum starfið“ var haft að leiðarljósi og hlutverkum á fundum dreift milli félagskvenna.

Fundir voru haldnir í Fellabæ, á Reyðarfirði, Egilsstöðum, Eskifirði og í Neskaupstað.. Viðfangsefnið fjölbreytt og af nógu að taka í austfirsku samfélagi ☺ Áhersla var á að fjölga konum og hafa að leiðarljósi að breikka bakgrunn félagskvenna og leita til þeirra sem vinna t.d. í framhaldsskólum, á Símenntunarmiðstöðvum í tónlist og í samfélagsþjónustu. Áherslan hefur einnig verið að efla þekkingu félagskvenna á samtökunum og hvetja þær til að að vera virkar í samfélagi sínu.

Dagskráin er sett saman að hausti og skiptast félagskonur á að halda fundina á sínu heimasvæði. Um 4 – 6 fundir eru haldnir yfir vetrarmánuðina allt eftir færð og veðri. Ekki er fundað í desember né janúar. Um er að ræða hefðbundin fundarstörf, þar sem kveikt er á kertum og markmið samtakanna lesin auk þess sem alltaf er einhver með orð til umhugsunar. Þá eru fluttar fréttir af samtökum DKG í alþjóðlegu jafnt sem innlendu samhengi.

Fyrir utan hefðbundin fundastörf, höfum við fengið hinar ýmsu kynningar og farið í heimsóknir. Má þar nefna Sköpunarmiðstöðina á Stöðvarfirði, Listasmiðju Norðfjarðar, Sláturhúsið menningarmiðstöð á Egilsstöðum og nýjan leikskóla Eyrarvelli í Neskaupstað. Gestir á fundunum voru m.a. þau Guðrún Smith sem kynnti meistaraverkefnið „að undirbúa jarðveginn“ og Eygló Björnsdóttir landssambandsforseti DKG en hún kynnti m.a. profile DKG.

Helga M. Steinsson,
formaður

Etadeild

2015 – 2016

Stjórn Etadeildar skipa Bryndís Guðmundsdóttir formaður, Stefanía Valdís Stefánsdóttir varaformaður, Magnea Ingólfssdóttir ritari, Anna Sigríður Pétursdóttir gjaldkeri og Kristín Helga Guðmundsdóttir meðstjórnandi og vefstjóri.

Etakonur eru 28 talsins en stefnt er að nýliðun á næstu mánuðum. Að jafnaði eru haldnir sex fundir á ári, tveir í umsjá stjórnar og fjórir í umsjá hópa í samráði við stjórn. Fundir hafa verið fræðandi, líflegir og almennt vel sóttir. Gestir hafa komið víða að, varpað ljósi á mál og kveikt á nýrri hugsun. Etakonur hafa í orðum sínum til umhugsunar verið á persónulegum nótum, hugað að rótunum, uppveiti og mótunarárum, lífi og starfi formæðra og feðra, hinum ýmsu hlutverkum æviskeiðsins og tengslum og samskiptum kynslóða, sem leitt hefur til aukinna kynna og tengsla innbyrðis. Skipulag og undirbúningur funda gefur og hópum tækifæri til samstarfs og frekari kynna.

Vetrarstarf hófst miðvikudaginn 30. september 2015 á Grand hóteli. Jón Ólafsson prófessor í heimspeki og stjórnarmaður í Gagnsæi var gestur fundarins og fræddi konur um tilgang og markmið Gagnsæis og hvernig auka má vitund fólks um spillingu og spillingarhvata. Áhugavert innlegg kveikti líflegar umræður. Orð til umhugsunar voru um reynsluheim menntaskólastúlku. Stefanía Valdís dró fram myndir af heimavistarlífi í MA og því sem mótaði sjálfmynd unglingsstúlkna fyrir hálfri öld.

Mánudaginn 2. nóvember 2015 var fundur Eta deildar felldur niður vegna nálægðar við 40 ára afmælishátíð DKG þann 7. nóvember. Jólafundur sem áætlaður var þriðjudaginn 1. desember 2015 féll niður vegna óveðurs og tilmæla um að fólk héldi sig heima það kvöld.

Fimmtudaginn 28. janúar 2016 var haldinn fundur í húsnæði Íslenska sjávarklasans. Þar kynnti Hjörtur Emilsson framkvæmdastjóri gróskumikla starfsemi og nýsköpun á ýmsum sviðum, frá hönnun skipa til framleiðslu á lækningavörum, fæðubótarefnum og snyrtivörum. Orð til umhugsunar flutti Guðbjörg Vilhjálmsdóttir og fjallaði um tengsl við hafið í gegnum forfeður, sem voru sjómenn og útvegsbændur. Guðbjörg las úr endurminningum föður síns Vilhjálms Árnasonar þar sem hann lýsir upplifun sinni af fegurðinni í ljósbrigðum sjávar þegar maurildi lýsa upp yfirborðið. Á þessum fundi var ein kona, Ragnhildur Konráðsdóttir, formlega vígð inn í Etadeild.

Þriðjudaginn 8. mars 2016 var haldinn fundur í Háskólanum í Reykjavík. Gestur var Ásdís Olsen lektor sem fræddi konur um Mindfulness – núvitund og hugarþjálfun og mikilvægi þess að temja hugann og dvelja í núinu. Ásdís greindi frá eigin reynslu í námi og starfi. Núvitund opnaði augu hennar fyrir því hvernig hægt væri að ná tökum á lífinu með því að átta sig á hvernig hugurinn vinnur, hvernig hægt er að ná stjórn á viðbrögðum og tengjast betur sjálfum sér. Ásdís leiddi okkur síðan í gegnum æfingar máli sínu til stuðnings. Orð til umhugsunar flutti Kristín Ágústa. Hún sagði frá lífsreynslu þegar samviskusemi og skyldurækni réðu för í stað þess að setja heilsuna í forgang. Það varð til bjargar að samstarfsfólk tók af henni völdin og kom undir læknishendur. Eftir þessa reynslu er henni betur ljóst hversu mikilvægt er að ná jafnvægi milli vinnu og sjálfsræktar og að láta ekki samviskusemina ganga út yfir allt.

Fimmtudaginn 28. apríl 2016 var haldinn fundur á Kaffi Sólon. Gestur og fyrirlesari var Gunnar Þór Bjarnason, sagnfræðingur sem fjallaði um bók sína *Þegar siðmenningin fór fjandans til. Íslendingar og stríðið mikla 1914 – 1918*. Markmið höfundar var að skrifa aðgengilega bók sem höfðaði til hins almenna lesanda og hvíldi á traustum, fræðilegum grunni. Góður rómur var gerður að fyrirlestri Gunnars Þórs sem hreif áheyrendur með sér og veitti ágæta innsýn í tilveru Íslendinga á ófriðartímum fyrir heilli öld. Orð til umhugsunar flutti Sophie Kofoed Hansen og fjallaði um ömmuna og mikilvægt hlutverk hennar. Hún

vitnaði m.a. í Halldór Laxness sem bent hefur á þátt ömmunnar í varðveislu menningararfsins.

Aðalfundur Etadeildar var fyrirhugaður 8. júní 2016. Aðeins þrjár konur auk fimm stjórnarkvenna sáu sér fært að sækja fundinn, aðrar voru ýmist fjarverandi eða bundnar við hin ýmsu störf. Aðalfundi og stjórnarskiptum var því frestað til hausts. Fundir starfsársins urðu því færri en ráðgert var en öflugir og vel sóttir.

2016 – 2017

Miðvikudaginn 31. ágúst 2016 var haldinn á Kaffi Sólon fyrsti fundur þessa starfsárs sem jafnframt var aðalfundur. Erfiðlega gekk að fá konur til stjórnarsetu og varð lending sú að meiri hluti fráfarandi stjórnar gaf kost á sér áfram næstu tvö ár með liðsauka tveggja kvenna. Stjórn skipa Bryndís Guðmundsdóttir formaður, Magnea Ingólfsdóttir ritari, Anna Sigríður Pétursdóttir gjaldkeri, Stefanía V. Stefánsdóttir, Ingibjörg Möller og Auður Elín Ögmundsdóttir meðstjórnendur. Gestur þessa fundar var Ragnhildur Vigfúsdóttir ráðgjafi og markþjálfari. Hún fjallaði um ýmsa þá þætti sem áhrif hafa á lífshamingjuna m.a. mikilvægi þess að þekkja eigin styrkleika, sættast við og viðurkenna veikleikana og kynnti okkur rannsóknir og fræði Brené Brown, bandarískrar fræðikonu og fyrirlesara.

Þriðjudaginn 11. október 2016 var haldinn fundur í Norðlingaskóla. Gestur á þeim fundi var Sigríður Hulda Jónsdóttir náms- og starfsráðgjafi og Kappakona og ræddi um starfsánægju og lífsfyllingu. Vitnaði hún til kenninga um lykilorði hamingjunnar, heilsu, jákvæðni, fegurð, samskipti, öryggi, tilgang og þakklæti og lagði áherslu á áhrif sjálfþekkingar og viðhorfa á líðan og lífsgæði. Orð til umhugsunar komu frá Hafdísí Sigurgeirsdóttur sem rifjaði upp starf sitt í sérkennslu, gefandi lestrarkennslu yngri barna og nýleg tímamót við starfslok sem gefa tækifæri til að sinna bókmenntaáhuga. Hafdís las tvær frásagnir bókarinnar *Skuggamyndir úr ferðalagi* eftir Óskar Árna Óskarsson, „Lárviðarlauf“ og „Njála“, frásögn um kaupmann sem las Njálu fyrir börnin í hverfinu. Taldi Hafdís að líklega tengdi hún svo vel við þessar sögur því í þeim endurspeglis virðing, áhugi og hlýja gagnvart börnum.

Jólafundur var haldinn mánudaginn 28. nóvember 2016 á heimili Auðar Torfadóttur. Þar nutum við samveru og fengum þær stöllur Vigdísí Grímsdóttur og Sigríði Halldórsdóttur sem lásu úr og spjölluðu við okkur um bókina *Elsku Drauma mín* og veittu okkur innsýn í lífið á Gljúfrasteini.

Fimmtudaginn 26. janúar 2017 var fyrsti fundur vormisseris haldinn í Hannesarholti. Segja má að þema fundarins hafi verið samskipti og tengsl. Etakonur hafa stundum haft á orði að of fá tækifæri gefist til samræðna vegna þéttskipaðrar dagskrár á fundum. Í þetta sinn var spjallað við kertljós undir seiðandi harmonikkutónlist Eyrúnar Í. Gísladóttur og Guðnýjar K. Erlingsdóttur. Orð til umhugsunar voru í tónum og tali í höndum Eyrúnar. Hún lagði út frá samspili texta og tóna, hvernig hvort um sig hefði áhrif, saman og eitt sér. Í notalegu umhverfi nutum við samveru. Að loknum fundi gafst kostur á að njóta frásagnarlistar Einars Kárasonar í Hljóðbergi, á neðri hæð hússins.

Næsti fundur var haldinn fimmtudaginn 16. mars einnig í Hannesarholti. Á dagskrá var erindi Guðrúnar Ingólfsdóttur bókmenntafræðings um bók hennar „Á hverju sitja ekki vorar göfugu kellingar“. Þar er lýst sambúð bóka og íslenskra kvenna á miðöldum og er í raun fjársjóður um kvennasögu og kvennamenningu. Áhugaverð umfjöllun kallaði á spurningar og góðar umræður. Orð til umhugsunar voru í höndum Guðrúnar Hrefnu Guðmundsdóttur sem kynnti menntaverkefni í Kólumbíu sem hún hefur kynnst og hrifist af. Um er að ræða börn sem njóta takmarkaðra eða engra menntunartækifæra og unnið er með í gegnum listsköpun og

tjáningu. Nokkrar umræður urðu í hópnum og ef til vill er þarna verkefni til að sameinast um að styrkja. Að loknum fundi bauðst konum að hlýða á Heilsuspjall um heilahreysti og nýttu nokkrar sér það meðan aðrar héldu til síns heima.

Lokafundur þessa starfsárs er á dagskrá þriðjudaginn 9. maí og þar verður umfjöllun um hamingjuna. Etadeild á tuttugu ára starfsafmæli í júní. Fyrir tíu árum fórum við í mikla naflaskoðun og stefnumótunavinnu. Við skilgreindum gildi Etadeildar sem eru: *Frumkvæði, fagmennska og samkennd* og við skilgreindum hlutverkin: *Í Etadeild viljum við fylgjast með þróun í menntamálum, kryfja mál til mergjar og stuðla að menntun og fræðslu. Deildin er vettvangur okkar til að kynnast, deila reynslu og njóta ánægjustunda.* Við settum okkur markmið og á tímamótum er við hæfi að skoða hvernig til hefur tekist:

Að hafa forystu í faglegri umræðu

Að efla innbyrðist tengsl okkar

Að velja verkefni utan deildar til að vinna að

Að auka samskipti við konur í öðrum deildum, innan lands sem utan

*Bryndís Guðmundsdóttir,
formaður Eta*

Þetadeild

2015–2016

Vetrarstarf Þetadeildar hófst 19. september með fyrsta fund vetrarins. Fundurinn var haldinn í Krossmóa í Reykjanesbæ. Inga María Ingvarsdóttir var með orð til umhugsunar og fjallaði hún um jafnvægið á milli vinnu og einkalífs sem oft er vandfundið, sérstaklega fyrir fólk í krefjandi starfi þar sem vinnutíminn er oft langur. Einnig fjallaði hún um ráðstefnuna: Ball í ráðhúsinu – til móts við þróttmikið þriðja æviskeið. Ráðstefnan fjallaði um þær miklu breytingar sem nú eiga sér stað á aldurssamsetningu Evrópuþjóða. Stjórnin hafði skipulagt hópavinnu þar sem deildarkonum var skipt í nokkra hópa og svara spurningunum: Af hverju mæta konur ekki/hvað myndi fá þig til að mæta og hvað vilt þú sjá á dagskrá fundanna í vetur? Auk þess ræddu allir hóparnir um fundardaga í vetur og fundartíma. Stjórnin nýtti síðan niðurstöður hópanna við vetrardagskrá fyrir fundi Þetadeildar í vetur. Kristín Helgadóttir og Árdís Jónsdóttir ræddu um inntöku nýrra félaga, en fjölga þarf í deildinni. Í fyrra mættu um 16-18 konur á hvern fund, en 33 eru skráðar í deildina. Þrjú ár eru síðan síðasta inntaka fór fram en þá voru teknar inn 10 konur og eru 7 af þeim enn félagskonur. Stjórnin bryddaði síðan upp á þeirri nýbreytni að hafa fjöldasögn í lok fundar og sungum deildarkonur saman lagið *Léttur í lundu*.

Annar fundur vetrarins var haldinn 17. október einnig í Krossmóa í Reykjanesbæ. Bjarnfríður Jónsdóttir var með orð til umhugsunar og rifjaði upp minningamyndir frá skólagöngu sinni. Eitt af því sem deildarkonur vildu hafa á fundum í vetur var að deildarkonur segðu aðeins frá sér á hverjum fundi og var það Þórdís Þormóðsdóttir og Sveindís Valdimarsdóttir sem kynntu sig og sögðu frá uppruna sínum og æsku, menntun, fjölskyldu og starfi. Þá fór fram kliðfundur sem var mjög skemmtilegur, þá pöruðu tvær félagskonur sig saman og byrjuðu á að segja frá hvar þær voru fæddar og uppaldar, menntun og starf, hvor fékk tvær mínútur til þess. Því næst fékk hvor eina mínútu til að segja frá sögunni á bak við nafnið sitt og að lokum

fékk hver 30 sekúndur til að segja frá leyndum hæfileika. Sveindís Valdimarsdóttir, verkefnastjóri hjá Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum (MSS) og félagskona í Þetadeild, sagði frá starfi sínu við íslenskukennslu hjá MSS og spennandi Evrópuverkefnum sem miðstöðin tekur þátt í. Fór hún yfir tölur fyrir árið 2015, fjölda nemenda og námskeiða. Flestir íslensku nemendurnir koma á eigin vegum en einnig eru hælisleitendur í hópi nemenda og Vinnumálastofnun sendir einnig einstaklinga frá sér á námskeiðin. Sveindís fór yfir nokkur spennandi verkefni sem eru í gangi hjá MSS t.d. Lingua cafe, Flip the classroom og Speaking for yourself. Í lok fundarins sungu deildarkonur saman lagið *Á íslensku má alltaf finna svar*.

Þriðji fundur vetrarins var haldinn 21. nóvember og var það jólafundurinn okkar Fundurinn var haldinn á veitingarstaðnum SOHO í Reykjanesbæ og snæddu deildarkonur saman dýrindis jólamat. Fanney D. Halldórsdóttir var með orð til umhugsunar. Hún ræddi um aðventuna, kristileg gildi, iðkun þakklætis og hversu mikilvægt það er fyrir sinni og sál. Þá kynnti Þórunn S. Róbertsdóttir sig, hún sagði frá menntun sinni og störfum og var kynningin hennar bæði fróðleg og skemmtileg. Þá var tónlistaratriði, en fimm stúlkur frá Tónlistarskóla Reykjanesbæjar léku nokkur vel valin lög á klarínnett undir stjórn Geirbrúðar Bogadóttur félaga í Þetadeildinni. Flutningurinn kom öllum í jólaskap og fengu tónlistarstúlkurnar lítinn þakklætisvott frá deildinni fyrir fallega spilamennsku. Gestur fundarins var Sigríður Kristín Hrafnkelsdóttir, lýðheilsu- og viðskiptafræðingur. Hún sagði frá lífi sínu og starfi og mikilvægi lýðheilsu fyrir heill og hamingju hvernar manneskju og fyrir samfélagið allt. Það er mikill kraftur í þetakonum og skemmtileg dagskrá fram undan á komandi vetri og vori. Mæting á þessa fyrstu þrjá fundi vetrarins hefur verið með miklum ágætum og mættu 24 deildarkonur á jólafundinn.

Aðalfundur Þeta-deildar var haldinn í Hannesarholti þann 18. apríl og var yndislegt að eiga góða stund í þessu fallega húsi. Ragnheiður Jóna Jónsdóttir, forstöðumaður hússins og DKGSystir, leiddi okkur um húsið og sagði okkur frá því frábæra starfi sem þar er unnið. Menningin og sagan svífa yfir vötum í þessu fallega húsi. Þessi lok starfstímans voru í samhengi við töluverð ferðalög deildarinnar, t.d. heimsóttum við Grindavík, Sandgerði, Voga og Keflavík, og á öllum stöðum tóku Þetasystur á móti okkur. Það var mjög áhugavert að kynnast störfum systra okkar á þessum ólíku stöðum. Við áttum fundi í skólum, söfnum, kirkju og veitingastöðum. Fjölbreytnin réð ríkjum, viðfangsefni fundanna voru af ýmsu tagi og við fengum góða gesti í heimsókn. Þórdís Gísladóttir rithöfundur kynnti bækur sínar, Anh-Dao sagði frá doktorsverkefni sínu og Eygló Björnsdóttir landssambandsforseti heimsótti okkur og flutti ávarp. Í lok starfstímans eru félagskonur í Þetadeild þrjátíu og þrjár, aðeins hefur fækkað í hópnum en við vorum þokkalega sáttar við fundarsókn. Ný stjórn var kosin á aðalfundinum: Gerður Pétursdóttir er formaður og aðrar í stjórn eru Árdís Jónsdóttir, Bjarnfríður Jónsdóttir og Sigurlína Jónasdóttir. Gjaldkeri er Kristín Helgadóttir.

2016–2017

Stjórnina skipuðu, Gerður Pétursdóttir formaður, Sigurlína Jónasdóttir, ritari og vefstjóri, Árdís Hrönn Jónsdóttir, meðstjórnandi, Bjarnfríður Jónsdóttir, meðstjórnandi. Gjaldkeri var Kristín Helgadóttir.

Félagskonur Þetadeildar voru í upphafi tímabils 33, þrjár konur hafa hætt í Þetadeild á þessu starfsári og eru núverandi meðlimir 30 talsins. Algeng mæting á fundi er í kringum 20-22 konur.

Stjórn hóf inntökuferli nýrra félaga í haust. Tilnefndar voru 10 konur þar af komust 8 í gegnum leynilega kosningu. Sex konur þáðu boð um kynningarfund, þrjár af þeim afþökkuðu boð um þátttöku sökum anna. Þrjár vilja gjarnan vera með en aðeins ein þeirra hefur getað mætt á alla fundina þar sem hinar voru bundnar í vinnu á fundardögum okkar. Niðurstaða stjórnar var að fresta inntöku nýrra félaga fram á haustið 2017.

Stjórnin hélt reglulega fundi á tímabilinu. Á fyrsta fundi stjórnar var ákveðið að leita eftir hugmyndum félagskvenna um fundartíma og fundarefni. Niðurstaðan varð sú að breyta ekki um fundartíma þannig að fundir deildarinnar voru ávallt haldnir á mánudögum klukkan sex til átta.

Þema starfsársins 2016 - 2017

1. Styrkja tengslanetið innbyrðis og út á við
 - a. Konur segja frá frá sjálfri sér og sínu starfi
2. Efla það sem við stöndum fyrir og samtökin
 - a. Fara á vorþing
 - b. Fara á Evrópuþing
3. Fjölmening, hvað eru kennarar af erlendu bergi brotnir að bera með sér
 - a. Fá kynningu frá erlendum kennurum

Fundir vetrarins:

Vetrarstarf Þetadeildar hófst 19. september með fyrsta fund vetrarins. Fundurinn var haldinn í Krossmóa í Reykjanesbæ. Inga María Ingvarsdóttir var með orð til umhugsunar og fjallaði hún um jafnvægið á milli vinnu og einkalífs sem oft er vandfundið, sérstaklega fyrir folk í krefjandi starfi þar sem vinnutíminn er oft langur.. Einnig fjallaði hún um ráðstefnuna: Ball í ráðhúsinu - til móts við þróttmikið þriðja æviskeið. Ráðstefnan fjallaði um þær miklu breytingar sem nú eiga sér stað á aldurssamsetningu Evrópuþjóða. Stjórnin hafði skipulagthópavinnu þar sem deildarkonum var skipt í nokkra hópa og svara spurningunum: Af hverju mæta konur ekki/hvað myndi fá þig til að mæta og hvað vilt þú sjá á dagskrá fundanna í vetur? Auk þess ræddu allir hóparnir um fundardaga í vetur og fundartíma. Stjórnin nýtti síðan niðurstöður hópanna við vetrardagskrá fyrir fundi Þetadeildar í vetur. Kristín Helgadóttir og Árdís Jónsdóttir ræddu um inntöku nýrra félaga en fjölga þarf í deildinni. Í fyrra mættu um 16-18 konur á hvern fund, en 33 eru skráðar í deildina. Þrjú ár eru síðan síðasta inntaka fór fram en þá voru teknar inn 10 konur og eru 7 af þeim enn félagskonur. Stjórnin bryddaði síðan upp á þeirri nýbreytni að hafa fjöldasögn í lok fundar og sungum deildarkonur saman lagið Léttur í lundu.

Annar fundur vetrarins var haldinn 17. október einnig í Krossmóa í Reykjanesbæ. Bjarnfríður Jónsdóttir var með orð til umhugsunar og rifjaði upp minningamyndir frá skólagöngu sinni. Eitt af því sem deildarkonur vildu hafa á fundum í vetur var að deildarkonur segðu aðeins frá sér á hverjum fundi og var það Þórdís Þormóðsdóttir og Sveindís Valdimarsdóttir sem kynntu sig og sögðu frá uppruna sínum og æsku, menntun, fjölskyldu og starfi. Þá fór fram kliðfundur sem var mjög skemmtilegur, þá pörðu tvær félagskonur sig saman og byrjuðu á að segja frá hvar þær eru fæddar og uppaldar, menntun og starf, hvor fékk 2 mínútur til þess. Því næst fékk hvor 1 mínútu til að segja frá sögunni á bak við nafnið sitt og að lokum fékk hver 30 sekúndur til að segja frá leyndum hæfileika. Sveindís Valdimarsdóttir verkefnastjóri hjá Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum (MSS) og félagskona í Þetadeild sagði frá starfi sínu við íslenskukennslu hjá MSS og spennandi Evrópuverkefnum sem miðstöðin tekur þátt í. Fór

hún yfir tölur fyrir árið 2015, fjölda nemenda og námskeiða. Flestir íslensku nemendurnir koma á eigin vegum en einnig eru hælisleitendur í hópi nemenda og Vinnumálastofnun sendir einnig einstaklinga frá sér á námskeiðin. Sveindís fór yfir nokkur spennandi verkefni sem eru í gangi hjá MSS t.d. Lingua cafe, Flip the classroom og Speaking for yourself. Í lok fundarins sungu deildarkonur saman lagið *Á íslensku má alltaf finna svar*.

Þriðji fundur vetrarins var haldinn 21. nóvember og var það jólafundurinn okkar Fundurinn var haldinn á veitingarstaðnum SOHO í Reykjanesbæ og snæddu deildarkonur saman dýrindis jólamat. Fanney D. Halldórsdóttir var með orð til umhugsunar. Hún ræddi um aðventuna, kristleg gildi, iðkun þakklætis og hversu mikilvægt það er fyrir sinni og sál. Þá kynnti Þórunn S. Róbertsdóttir sig, hún sagði frá menntun sinni og störfum og var kynningin hennar bæði fróðleg og skemmtileg. Þá var komið að tónlistaratriði, en fimm stúlkur frá Tónlistarskóla Reykjanesbæjar léku nokkur vel valin lög á klarínnett undir stjórn Geirþrúðar Bogadóttur félaga í Þetadeildinni. Flutningurinn kom öllum í jólaskap og fengu tónlistarstúlkurnar lítinn þakklætisvott frá deildinni fyrir fallega spilamennsku. Gestur fundarins var Sigríður Kristín Hrafnkelsdóttir lýðheilsu- og viðskiptafræðingur. Hún sagði frá lífi sínu og starfi og mikilvægi lýðheilsu fyrir heill og hamingju hverrar manneskju og fyrir samfélagið allt.

Fjórdi fundur vetrarins, bókafundurinn, var haldinn 23. janúar 2017 í Duushúsum. Erla Guðmundsdóttir var með orð til umhugsunar og fjallaði um hjartað og hjartsláttinn í sinni víðustu mynd. Hjartsláttinn innra með okkur og hjartslátt samfélagsins. Undir liðnum deildarkonur kynna sig var það Valgerður Guðmundsdóttir sem kynnti sig. Hún sagði frá uppruna sínum og æsku, menntun, fjölskyldu og starfi. Gerður Kristný rithöfundur var gestur fundarins sagði frá sér og bókum sínum. Gerður hreif gesti fundarins með sér með skemmtilegum frásögnum og upplestri úr bókum sínu, Gerður Kristný hefur gefið út 25 bækur fjölda ljóðabóka, barnabækur, viðtalsbók og skáldsögur.

Fimmti fundur vetrarins var haldinn 20. febrúar 2017 í Flugstöð Leifs Eiríkssonar og var það Gerður Pétursdóttir formaður Þetadeildar sem bauð í heimsókn á vinnustað sinn Isavia. Halldóra Magnúsdóttir var með orð til umhugsunar og velti fyrir sér hugtakinu tækifæri sem hefur jákvæða merkingu í íslensku máli. Það er misjafnt hvað við gerum við tækifæri lífsins, við viljum fá tækifæri og óskum öðrum þess sama. Félagsskapurinn okkar Delta Kappa Gamma gefur okkur tækifæri til að fræðast, hlusta og styðja hvor aðra. Deildarkonan sem kynnti sig var Sigrún Ásta Jónsdóttir safnstjóri Byggðasafns Reykjanesbæjar. Hún sagði frá uppvaxtarárunum í Búðardal, námi sínu og menntun og störfum. Næst tók tók til máls Gerður Pétursdóttir og kynnti fyrirtækið Isavia þar sem hún gegnir stöðu fræðslustjóra. Fræðslumál hjá fyrirtækinu er mjög umfangsmikil og spennandi fyrir félagskonur að fá innsýn í hinn mikla vöxt sem hefur verið á Keflavíkurflugvelli síðustu ár. Með Gerði var Lóa B. Gestsdóttir námsbrautarstjóri á Flugverndarbraut sem er ein námsbraut Isaviaskólans. Hún kynnti meðal annars þjálfunarleiðir og uppbyggingu á þjálfun starfsmanna í vopna- og öryggisleit.

Sjötti fundur vetrarins var haldinn 27. mars á Bókasafni Reykjanesbæjar. Kristín Helgadóttir var með orð til umhugsunar og fjallaði um aldur og hve afstæður hann er. Lára Guðmundsdóttir félagskona og fyrsti formaður Þetadeildar kynnti sig og sagði frá uppruna sínum og æsku, menntun, fjölskyldu og starfi. Gestur fundarins var Kriselle Lou Suson Cagatin M.A. nemi í Uppeldis- og menntunarfræðum með áherslu á lýðræði, jafnrétti og fjölmenningu. Kriselle sagði frá fjölmenningarstarfi leikskólans Akurs, en leikskólinn fékk styrk úr Sprotasjóði til að þróa það. Einnig sagði hún okkur frá meistararitgerð sem hún er að

vinna að. Markmið rannsóknarinnar er að kortleggja tungumálafjölbreytni barna með tilliti til uppruna, reynslu og málumhverfis og meðal annars að skoða hvort tengsl séu á milli tungumálastefnu fjölskyldna og hljóðkerfisvitundar tví –og fjöltyngdra barna.

Vorferð Þetadeildar var farin 24. apríl og lá leiðin á Eyrabakka. Við heimsóttum þau heiðurshjón Valgeir Guðjónsson og Ástu K. Ragnarsdóttur í Bakkastofu. Ferðin var hin skemmtilegasta, Ásta sagði sögur og Valgeir skemmti hópnum með söng og gamanmáli. Í boði var humarsúpa frá Rauðahúsinu og brauð. Skemmtilega samvera í fallegu umhverfi.

Það er mikill kraftur í Þetakonum og vetrardagskráin hefur verið fjölbreytt og fræðandi. Stjórn mun fundar strax eftir landssambandsþing og leggja drög að dagskrá næsta vetrar.

*Gerður Pétursdóttir,
formaður og*

*Sigurlína Jónasdóttir,
ritari*

Íotadeild

Á fundi 3. október sagði Heiðrún Tryggvadóttir okkur frá Nýsköpunarbraut sem nýlega fór af stað við Menntaskólann á Ísafirði. 1. nóvember sagði Anna Lind Ragnarsdóttir okkur frá mastersritgerð sinni sem fjallaði um það hvort það þurfi heilt samfélag til að ala upp barn? 2. desember sagði Jóna Símónína Bjarnadóttir okkur frá Þjóðtrú og siðum tengd jólunum.

9. janúar 2017 var bókafundur þar sem hver og ein sagði frá áhugaverðum bókum er þær höfðu lesið. 7. febrúar héldum við fund í félagsheimilnu á Suðureyri þar sem Sara tónlistarmeðferðafræðingur sagði okkur frá hvað felst í því starfi. 6 mars kom Arna Lára Jónsdóttir til okkar og sagði okkur frá starfsemi Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands. 4 apríl fengum við erindi frá Helgu Þórisdóttir sagnfræðing sem sagði okkur frá pólitískum samtíma Karítasar Skarphéðinsdóttur (1870 – 1972) en verið er að setja upp sýningu á Byggðasafni Vestfjarða um þessa merku konu. Þess má geta að á þessu fundi var hún Eygló Björnsdóttir með okkur í gegnum Skype sem var mjög skemmtilegt.

8 maí n.k. er svo síðasti fundurinn hjá okkur á þessu starfsári en þá fáum við fræðslu Frá Hildi Dagbjörtu sem stofnsetti félagsskap sem heitir Gróandi og er um ræktun. Síðan borðum við saman á veitingarstaðnum Húsinu.

Á fundinum okkar í nóvember sl. var Heiðrún Tryggvadóttir vígð inn í félagsskapinn.

Á vormánuðum var kosið um sex nýja félagsmenn sem allar hlutu kosningu og eru þær að koma á fund hjá okkur núna í maí og í haust, á nýju starfsári.

*Helga Björk Jóhannsdóttir
Formaður*

Kappadeild

2015–2016

Fyrsti fundur Kappadeildar starfsárið 2015-16 var haldinn heima hjá Ingibjörgu Guðmundsdóttur þann 22. október. Gunnlaug Hartmannsdóttir formaður kynnti starfsáætlun vetrarins og er þema vetrarins „Verum virkar – styrkjum starfið“. Stjórnin lagði til að haldnir yrðu sex hefðbundnir fundir Kappadeildar á þessu starfsári en hvatti

Kappasystur einnig til að sækja viðburði á vegum landssambandsstjórnarinnar, s.s. hátíðardagskrána 7. nóvember vegna 40 ára afmælis samtakanna og vorþingið sem haldið verður 30. apríl 2016. Skipulag funda í vetur verður með breyttu sniði, þannig að nokkrar félagskonur bera ábyrgð á hverjum fundi, skipuleggja hann og ákveða viðfangsefni. Þar með verða allar virkar í anda þema starfsársins. Á fundinn voru mættir tveir góðir gestir sem hefur verið boðið að ganga til liðs við deildina. Aðalefni fundarins var fyrsti hluti svokallaðs „Stjörnunámskeiðs“ sem var þýtt og staðfært af DKG-systur, Sigrúnu Jóhannesdóttur. Gunnlaug formaður og Valgerður Magnúsdóttir höfðu aðlagð námskeiðið lítillaga fyrir Kappadeildina. Markmiðið með námskeiðinu er að leita leiða til að efla starfsemi deildanna, samkennd og samhygð. Fundarkonum var ýmist skipt í pör eða unnu þrjár saman að verkefnum, og þarna spruttu bæði góðar umræður og hlátrasköll. Niðurstaðan var svo tekin saman og kynnt.

Annar fundur vetrarins, jólafundurinn, var haldinn fimmtudaginn 26. nóvember á heimili Sigrúnar Kristínar Magnúsdóttur. Auk venjubundinnar dagskrár voru gestirnir okkar frá síðasta fundi, þær Ingibjörg Kristleifsdóttir, formaður Félags stjórnenda leikskóla, og Ragnheiður Axelsdóttir, kennsluráðgjafi í Reykjavík, teknar formlega inn í Kappadeildina og boðnar innilega velkomnar. Eftir það kom Kolbrún S. Ingólfssdóttir, sagnfræðingur og rithöfundur, í heimsókn og las upp úr nýútkominni bók sinni, „Þær ruddu brautina“. Í þessari stórfróðlegu bók er að finna æviágrip kvenna sem hófu baráttuna víða um heim og ruddu brautina fyrir kvenfrelsisbaráttu seinni ára. Að vanda skiptumst við á jólapökkum, sungum jólalög og glöddumst saman á margvíslegan hátt. Á nýju ári eru framundan fjórir fundir auk vorþings Landssambandsins. Þetta er síðasta starfsár núverandi stjórnar en ný stjórn verður kosin á vofundi Kappadeildar þann 19. maí.

Fyrsti fundur Kappadeildar á árinu 2016 var bókafundur haldinn þann 18. janúar á heimili Önnu Guðrúnar Hugadóttur í Garðabænum. Sumar konur áttu erfitt með að rata og sagan segir að einhverjar hafi verið komnar yfir í Kópavog í leit að réttu húsi. Orð til umhugsunar flutti Sigríður Þrúður og fjallaði hún um lestur. Á fundinum voru teknar fyrir fjórar bækur. Ingibjörg Kristleifsdóttir fjallaði um bækurnar Ósjálfrátt eftir Auði Jónsdóttur og Eitthvað á stærð við alheiminn eftir Jón Kalman. Marsíbil Ólafsdóttir tók því næst við og fjallaði um bókina Kona með höfuð eftir Þórunni Jörllu Valdimarsdóttur. Að lokum kynnti Ingibjörg Guðmundsdóttir fyrir okkur Breiðfirðingabók og las upp bráðfyndna frásögn eftir lærimeistara Jóns Kalmans úr Dölunum. Veitingar voru að venju góðar þó svo að ein úr veitingahópnum hefði gleymt að mæta á fundinn með kræsingarnar sínar. Nóg var til handa öllum og konur fóru glaðar og saddar heim.

Annar fundur ársins var haldinn miðvikudaginn 24. febrúar á veitingastaðnum Satt á Hótel Natura og var sameiginlegur með Deltadeild á Vesturlandi. Sigrún Jóhannesdóttir Deltakona flutti orð til umhugsunar og ræddi hún um mál sem brenna á konum um þessar mundir og eru áberandi í þjóðfélagsumræðunni. Eygló Björnsdóttir landsambandsforseti ávarpaði fundinn og rifjaði meðal annars upp afmælishátíð samtakanna frá síðasta hausti og sögu samtakanna. Anh-Dao Tran var aðalfyrirlesari kvöldsins. Hún sagði frá doktorsritgerð sinni um óvirkjaða auðlind sem felst í erlendum nemendum í framhaldsskólum.

Þriðji fundur ársins var haldinn miðvikudaginn 6. apríl í Álafoskaffi í Mosfellsbæ. Ragnheiður Axelsdóttir var með orð til umhugsunar og fjallað meðal annars um hversu mikilvægur góður skólabragur er fyrir árangur skólstarfs. Aðalræðumaður kvöldsins var Sigrún Þ. Geirsdóttir sjósundkona, sem synti yfir Ermasundið í sumar. Lýsti hún aðdraganda ákvörðunarinnar um að synda yfir Ermarsundið og sundinu sjálfu. Kappakonur áttu ekki orð til yfir viljastyrk og

hetjuskap Sigrúnar eftir frásögn hennar og fóru heim að fundi loknum með það í huga að ekkert væri ómögulegt. Síðasti fundur Kappadeildar á vorönninni verður haldinn 19. maí og eru stjórnarskipti meðal annars á dagskrá.

2016–2017

Fyrsti fundur nýs starfsárs var haldinn í sept. 2016 á heimili Huldu Ö. Arnljótsdóttur. Ingibjörg, varaformaður, flutti orð til umhugsunar og sagði frá þeim tímamótum sem hún stóð á þar sem hún var að fara á eftirlaun, flytja í nýtt húsnæði o.fl. Henni leiðist þó ekki enda áhugamálin fjölmörg. Formaður kynnti starfsáætlun vetrarins, en þema er það sama og í fyrra, Verum virkar-styrkjum starfið. Áhersla hefur verið á að virkja Kappa-systur í starfinu, m.a. með því að skipta deildinni upp í hópa sem undirbúa fundina. Hefur það gefist afar vel, Kappa-systur tengst betur og fundirnir verið mjög áhugaverðir og gefandi. Gunnlaug, fráfaramandi formaður, leiddi hópinn í að horfa til framtíðar út frá þessu þema og kom í ljós að hópurinn var sammála um að hann vildi vera þar sem jákvæð hugsun, stuðningur og gleði ríkir en einnig þar sem tekist er á við ögranir. Hópurinn vill halda áfram að hlýða á nærandi erindi, nema og fræðast og njóta félagsskapar hvernar annarrar.

Næsti fundur var haldinn í október hjá Námsflokkum Reykjavíkur. Iðunn Antonsdóttir, forstöðumaður Námsflokka og Lambda systir, tók á móti hópnum ásamt Jódísi Káradóttur sem líka er Lambda-systir, og sögðu þær frá starfi Námsflokka sem styðjast við félagslega menntastefnu. Meginmarkmiðið með starfinu er að koma þeim sem til þeirra leita og hafa einhverra hluta vegna horfið frá hefðbundnu námi, aftur í hefðbundið bók- eða starfsnám eða út í atvinnulífið. Þær sögðu frá helstu námsleiðum Námsflokka sem eru grunnám, Karlasmiðja, Kvennasmiðja, Námsbrú, Námskraftur og Starfskraftur. Að lokum sýndu þær Iðunn og Jódís húsnæði Námsflokka en þar kom greinilega fram áhersla á að skapa notalegt og hvetjandi umhverfi til náms og starfs. Kappa-systur hrifust mjög af því fjölbreytta á áhugaverða starfi sem Námsflokkarnir inna af hendi og sannfærðumst um mikilvægi þess að til sé vettvangur sem sinnir þessum hópi sem horfið hefur frá námi.

Jólafundur Kappa-deildar var haldinn á heimili Áslaugar Ármannsdóttur á Seltjarnarnesinu 29. nóv. sl. Hún var búin að gera húsið sitt sérstaklega jólalegt í tilefni fundarins og Kappa-systur komust þegar í jólaskap. Áslaug var sjálf með Orð til umhugsunar og rifjaði upp gamla jólaminningu frá því hún var lítil. Boðið var upp á hefðbundinn jólamat og að vanda fengum við góða gesti til okkar. Hallgrímur Helgason, rithöfundur, las með tilþrifum úr ljóðabókinni sinni um hundinn Lukku og sambýliskona hans og fyrrverandi nemandi Áslaugar, Þorgerður Agla Magnúsdóttir sem rekur bókaútgáfuna Angústúru, kynnti fyrstu og nýjustu bækur útgáfunnar, matreiðslubókina Ómóttstæðileg Ella, barnabók og tvær litabækur. Kappa-systur skiptust á jólagjöfum í sönnum jólaanda og fóru endurnærðar á sál og líkama út í desembernóttina.

Bókafundur haldinn miðvikudaginn 18. janúar á heimili Erlu Guðjónsdóttur á Álftanesi. Anna G. Hugadóttir sagði frá bókinni „Ljós móðirin“ eftir Eyrúnu Ingadóttur en þetta er söguleg skáldsaga og segir sögu Þórdísar Símonardóttur ljósmóður á Eyrarbakka á árunum í kringum aldamótin 1900. Herdís Anna Friðfinnsdóttir sagði frá barnabókinni „Vikkala Sól og hamingjukrúsin“ eftir Kristínu Margréti Kristmannsdóttur og Herdís Björk Þórðardóttur. Áður en Herdís Anna hóf kynninguna lét hún okkur skrifa á miða það sem vekur okkur gleði og hamingju og við settum miðana í krús. Bókin minnti okkur á hamingjan er allt í kring og að við ættum að horfa á það sem er jákvætt. Hulda Anna Arnljótsdóttir kynnti þar á eftir bókina „Tvísaga“ eftir Ásdísi Höllu Bragadóttur. Þetta er fjölskyldusaga Ásdísar Höllu sem ólst upp við ótrúlega erfiðar aðstæður. Auk þess að segja okkur af uppeldi og ævi Ásdísar Höllu og

hvernig hún braust út úr þessum aðstæðum skoðaði hún bókina út frá félagslegri arfleidd, hversu illa var farið með minnimáttar og konur í mjög svo stéttskiptu samfélagi. Skólinn var bjargvættur Ásdísar Höllu og henni tekst að rjúfa þessa þessa félagslegu arfleidd. Að lokum kynnti Linda Hrönn Helgadóttir bók eftir Andra Snæ Magnason, „Love Star“. Þetta er áhugaverð vísindaskáldsaga sem kom út 2002 og virðist margt orðið að veruleika sem skrifað var um í bókinni sem þótti framúrstefnulegt þegar hún kom út. Í bókinni er búið að markaðssetja allt og allt er til sölu. Fundurinn var vel sóttur að vanda og gerður góður rómur að bókakynningunum.

Fimmti fundur í Kappadeildinni var haldinn þriðjudaginn 14. feb. sl. í húsnæði Starfsmenntar að Skippholti 50b í Reykjavík. Á þeim fundi var Anna S. Einarsdóttir með orð til umhugsunar og sagði á mjög skemmtilegan hátt frá viðureign sinni við mýs í sumarbústaðnum sínum. Herdís Anna Friðfinnsdóttir sagði frá því hvernig hún kynntist markþjálfun og hvernig hún hefði nýtt sér markþjálfun í lífi og starfi. Einnig leiddi hún Kappa-systur í að gera draumakort til að setja á blað drauma sína og þrjár. Nokkrar Kappa-systur buðust til að segja frá sínum kortum og deila væntingum sínum og löngunum með hópnum. Boðið var upp á mat frá Eþíopska staðnum Tení sem tvö systkini frá Eþíópíu reka. Þau sögðu okkur aðeins frá réttunum sem þau koma með og reyndist maturinn afar ljúffengur þótt aðeins framandi væri.

Sjötti fundur starfsársins var haldinn 6. apríl sl. kl. 18-20 í húsi Menntavísindasviðs HÍ. Byrjað var með hefðbundnum hætti með nafnakalli og fundargerð síðasta fundar lesin. En í stað *Orða til umhugsunar* var boðið upp á ljóðalestur upprennandi ljóðskálda sem voru tveir nemendur úr 5. bekk Norðlingaskóla sem lásu ljóð úr útkominni ljóðabók. Auk þess að semja ljóð um lífið og tilveruna höfðu þær einnig samið ljóð hver til annarrar og sungu eitt ljóðið við eigið lag. Aðalerindi fundarins fjallaði um sögu íslensku lopapeysunnar en Ásdís Jóelsdóttir, lektor við Menntavísindasvið HÍ, hefur sérstaklega kynnt sér þessa áhugaverðu sögu og skrifað um hana bók. Ásdís tókst á áhugaverðan hátt að tengja sögu lopapeysunnar við atvinnusögu þjóðarinnar og sögu kvenna í landinu. Margt kom fram sem konur könnuðust við úr eigin lífi en einnig kom margt á óvart.

Sjöundi og síðast fundur starfsársins verður fimmtudaginn 18. maí nk. og verður þá haldið á Laugarvatn í tilefni af tíu ára afmæli deildarinnar. Stefnt er að því að snæða saman í veitingastaðnum Lindinni og njóta staðarins. Anna S. Einarsdóttir, Kappa-systir, býður okkur í heimsókn í sumarbústaðinn sinn í nágrenni Laugarvatns en engum músum hefur verið boðið að þessu sinni. Kappa-systur hafa gjarnan notið útiveru á vorkundi sínum og gengið saman í guðsgrænni náttúrunni og ekki látið á sig fá þó rigni nánast eldi og brennisteini. Verður sá háttur vonandi einnig hafður á nú.

Mýdeild

2015 -2016

Starfið í Mýdeild hefur verið fjölbreytt og skemmtilegt þessi tvö ár sem fráfarandi stjórn hefur verið við stjórn. Deildin fundaði sex sinnum veturinn 2015 -20016 og höfum við heimsótt jafn margar mennta og menningarstofnanir á tímabilinu og átt saman fjölbreyttar fræðandi, nærandi og skemmtilegar samverustundir. Kynnst hver annarri og fengið fræðslu frá aðilum utan samtakanna.

Nokkur hreyfing hefur orðið í deildinni okkar á þessu tímabili. Erla Björg og Hildur Ösp ákváðu að segja sig úr deildinni vegna anna. Ragga okkar Júl ætlar að ganga úr deildinni núna í vor. Birna María hefur óskað eftir að fá að vera í leyfi frá deildinni næsta vetur, en stefnir á

að koma endurnærð inn haustið 2017. Nýjar konur eru komnar í deildina þær Þuríður Lilja og Elísabet sem var tekinn inn í deildina áðan. Það þarf að fara í áttak við að stækka deildina okkar á næstu misserum.

Konur í Mýdeild hafa verið duglegar að afla sér aukinnar menntunar og láta til sín taka í samfélaginu. Deildin eignaðist á vormánuðum 2015 doktor í sínum röðum. Þá varði Birna María Brattberg Svanbjörnsdóttir doktorsritgerð sína, *Forysta og teymisvinna í nýjum skóla: Þróun lærdómssamfélags*, við Uppeldis- og menntunarfræðideild Háskóla Íslands. Þá útskrifaðist Guðný Sigríður Ólafsdóttir með MA í Menntavísindum frá Uppeldis og menntunarfræðideild Háskóla Íslands í júní 2015. Björg Eiríksdóttir sem stundar Meistaránám við Háskólann á Akureyri, var með sýningu í vetur á bókasafni Háskólans á Akureyri. Verkin á sýningunni voru unnin í tengslum við meistaraprófsrannsókn hennar þar sem hún mótar námsefni í teikningu með aðferðum starfenda- og listrannsókna. Námsefnið ber titilinn „Ég sé með teikningu“. Á sýningunni var hún með teikningar; tvívíðar, þrívíðar, á hreyfingu, í lit og hljóði og er titill sýningarinnar „Ég sé mig sjáandi“ en þar er vísar hún í orð Maurice Merleau-Pontys heimspekings og fyrirbærafræðings.

Í lok síðasta árs fékk Dagbjört Ásgeirsdóttir birta grein í tímaritinu *The Collegial Exchange* "What are Our teenagers Really Doing Online" *The Hows and Whys of Teens' Engagement with technology*". Greinin hefst á blaðsíðu 8 í tímaritinu og er ritdómur um bókina *It's Complicated – the social lives of networked teens* eftir Danah Boyd en sú bók fékk verðlaun The Educators Award Committee árið 2015. Jafnframt gaf Dagbjört út bókina „Gummi og huldufólkið“ sem er fimmta bókin sem Dagbjört skrifar um hann Gumma og ævintýrin hans.

Tvær konur þær Anna Guðmundsdóttir og Ólöf Inga fóru suður á vorþingið sem haldið var í Kópavogi þann 30.apríl og styrkti deildin þær til fararinnar með því að greiða þátttökugjaldið þeirra.

Anna Guðmunds og Birna María hafa verið í undirbúningshóp fyrir kennaradaginn 5. október ásamt konum úr Betadeild.

Jenný og Birna María voru svo valdar í Menntamálanefnd hjá landsambandinu sem kom að undirbúningi vorþingsins í vor.

Þetta er búin að vera skemmtilegur viðburðaríkur tími og hefur hann liðið mjög hratt. Við þökkum fyrir árin tvö og óskum nýrri stjórn velfarnaðar.

2016-2017

Starfsárið 2016-2017 hófst með fundi þann 12. september og var hann haldinn í Síðuskóla á Akureyri. Stjórn deildarinnar skipulagði þennan fyrsta fund og fékk Svavar A. Jónsson sóknarprest í Akureyrarkirkju til að elda fyrir hópinn biblíurétti en hann sendi frá sér matreiðslubók árið 2014 sem nefnist Biblíumat: uppskriftir frá landi mjólkur og hunangs. Svavar eldaði fyrir deildarkonur eftir uppskriftum úr bókinni. Áður en borðhald hófst fengu félagskonur fræðslu frá Svavari um Biblíumat en það er matur sem á uppruna sinn að rekja til hálfmáanalaga svæðis sem nær frá botni Persaflóa eftir ánum Efrat og Tígrið að botni Miðjarðarhafs.

Á þessum fundi var konum skipt í hópa og áttu þeir að finna áhugaverð þemu fyrir fundi vetrarins. Hugmyndir að viðfangsefnum vetrarins eru þessi: **Jafnrétti kynjanna, stuðningur við sjálfstraust kvenna til að jafna valdahlutföll í samfélaginu. Mannréttindi, þögn-andrými-friður, hamingjan, nýtt námsmat, hreyfing og útivist.** Einnig er markmiðið að fjölga félagskonum í deildina. Hver hópur á síðan að sjá um einn fund í vetur og velja eitthvað af

hugmyndum um viðfagsefni til umfjöllunar í sínum fundi. Að venju var einnig orð til umhugsunar sem að þessu sinni fjallaði um **samskipti á vinnustað**. Fundir Mý deildar hefjast alltaf kl. 19.00 og þeim lýkur kl. 21.00. Alltaf er boðið upp á léttan kvöldverð sem undirbúningshópurinn sér um.

Á alþjóðadegi kennara 5. október var haldið samræðuþing. Þingið var samvinnuverkefni Beta og Mýdeilda en tvær konur úr hvorri deild komu að undirbúningi þess. Yfirskrift þingsins var „**Nýi kennarinn í starfi**“. Dagskráin hófst á tónlistaratriði kl. 15.30 en síðan var ætlunin að Ragnhildur Bjarnadóttir, fyrrverandi dósent við HÍ, og María Steingrimsdóttir, dósent við HA, ættu samræðu um rannsóknir og niðurstöður er lúta að nýja kennaranum í starfi. Ragnhildur varð því miður veðurteppt í Reykjavík en María greindi þess í stað frá rannsókn sinni um stuðning við nýja kennara í starfi. Þar á eftir sagði Hildur Hauksdóttir, kennari við Menntaskólann á Akureyri, frá rannsókn sinni á upplifun nýrra framhaldsskólakennara á fyrsta starfsári sínu og gagnlegum stuðningi. Stefán Smári Jónsson, kennari við Naustaskóla og Sigurveig Petra Björnsdóttir, leikskólakennari á Krógabóli, komu og ræddu um og sögðu frá sínu fyrsta ári í kennarastarfinu. Aðgangur var ókeypis og öllum opin. Vel var mætt og þótti þetta takast mjög vel. Á öðrum fundi vetrarins var gestur okkar Andrea Hjálmsdóttir félagsfræðingur. Fyrirlestur hennar nefndist **Viðhorf unglunga til jafnréttis 1992-2014** og byggði á þremur 5 skala spurningakönnunum meðal 10. bekkinga þar sem spurt var um viðhorf unglunganna til verkaskiptingar á heimilum. Kannanirnar voru Ungt fólk 1992 og Heilsa og lífshjör skólanema 2006 og 2014. Sammerkt með öllum könnunum var að stelpur er jafnréttissinnaðri en strákar. Nemendurnir 2006 voru íhaldssamari en nemendur 1992 en könnunin 2014 gefur jákvæðari mynd. Gerður var góður rómur að fyrirlestrinum og spunnust fjörugar umræður að honum loknum. Á þeim fundi fjallaði orð til umhugsunar um stöðu kvenna í samfélaginu í dag, t.d. af hverju konur kysu ekki konur og nefndi dæmi um nýlegar kosningar þar sem konur hefðu komið illa út. Þeirri spurning var velt upp hvort við, konur, séum stundum fordómafullar út í eigið kyn.

Sameiginlegur jólafundur Mý- og Betadeilda var haldin 1. desember í Naustaskóla, stjórnir beggja deilda sjá um undirbúning þessarar jólasamveru og allar veitingar. Efni fundarins var fjölbreytt og skemmtilegt, má þar nefna tónlistaratriði, frásögn af jólahaldi í Suður-Þýskalandi hjá kaþólskri fjölskyldu, orð til umhugsunar og nutu félagsskonur beggja deilda samverunnar.

Fyrsti fundur á nýju ári var haldinn þann 17. janúar í Grófinni geðverndarmiðstöð á Akureyri. Friðrik S. Einarsson, formaður stjórnar Grófarinnar og Valdís Eyja Pálsdóttir forstöðumaður kynntu starfsemi Grófarinnar. Kom fram í máli þeirra að Grófin byggir á starfsemi Geðverndarfélags Akureyrar sem stofnað var 1975. Grófin tók til starfa 13. október 2013 að Hafnarstræti 95, 4. hæð og er starfsemi Hugarafls fyrir sunnan fyrirmyndin að starfsemi. Unnið er út frá hugmyndum um valdeflingu og jafningjanálgun, þar sem lögð er áhersla á að einstaklingurinn taki ábyrgð á eigin bata og að fólk með geðraskanir og fagfólk geti rætt saman eins og jafningjar. Þuríður Rósenbergsdóttir kynnti þróunarverkefni sem nú stendur yfir í Oddeyrarskóla. Upphafið var að hún fór á námskeið í Dialektískri atferlismeðferð (DAM) s.l. vor en á námskeiðinu var fjallað um meðferð fólks sem á í tilfinningavanda, t.d. með því að efla streituþölsfærni þess, samskipti, tilfinningastjórnun og núvitund. Anna Guðmundsdóttir var svo með orð til umhugsunar og lagði út frá hamingjunni.

Annar fundur ársins var haldinn í Verkmenntaskólanum á Akureyri þann 15. febrúar. Hefð er fyrir því í Mý deild að halda einn bókafund snemma árs þar sem félagsskonur segja frá

áhugaverðum bókum sem þær hafa lesið. Einnig er farið í skemmtilegan bókaleik. Þessi annar fundur ársins var þessi bráðskemmilegi **bókafundur**.

Næsti fundur var haldinn þann 27. mars á leikskólanum Lundarseli. Anna Lóa Ólafsdóttir náms-og starfsráðgjafi í Símei flutti fyrirlestur um **hamingjuna**. Anna Lóa heldur úti síðu sem heitir Hamingjuhornið. Guðný Sigríður Ólafsdóttir flutti orð til umhugsunar um hinar ýmsu leiðir hamingjunnar.

Framundan er síðasti fundur vetrarins en hann er 18. maí. Á dagskrá verður m.a. inntaka nýrra félaga.

*Bryndís Björnsdóttir,
formaður og
Ólöfu Inga Andrésdóttir,
varaformaður.*

Frá starfi Delta Kappa Gamma nefnda 2015–2017

Samskipta- og útgáfunefnd

Nefndina skipa:

Sólborg Alda Pétursdóttir, Kappadeild

Valgerður Magnúsdóttir, Kappadeild

Sigrún Kristín Magnúsdóttir, Kappadeild

Tímabili núverandi samskipta- og útgáfunefndar lýkur í vor og einhverjar aðrar konur munu taka við keflinu. Við undirritaðar höfum settið í nefndinni í tvö ár og gefið út fjögur fréttabréf að meðtöldu því fréttabréfi sem nú er í undirbúningi.

Útgáfunefndin hefur það hlutverk með höndum að sjá um og gefa út fréttabréf DKG sem kemur út tvisvar á ári, í desember og maí. Safna þarf efni og raða því snyrtilega upp í fréttabréfið sem gefið er út rafrænt á vef DKG. Nefndin hefur leitað til fjölda kvenna til að skrifa greinar og fréttapistla á tímabilinu. Nær undantekningarlaust taka konur vel í beiðni okkar.

Fastur liður í fréttabréfinu eru fréttapistlar frá deildum og bera formenn deilda ábyrgð á að þeir séu skrifaðir. Yfirleitt skrifa formenn pistlana sjálfir. Vel hefur gengið að „rukka“ formenn um þetta og eiga þeir þakkir skyldar fyrir. Stundum þarf þó að minna á þegar síðasti skiladagur nálgast enda mikið að gera hjá öllum.

Útgáfunefndin fundar reglulega og yfirleitt rafrænt þegar útgáfudagur nálgast. Vinnsla fréttabréfa tekur um það bil mánuð frá því að búið er að ákveða efni, fá það sent, prófarkalesa og raða því inn í skjalið. Þessi vinna hefur verið ánægjuleg og gefandi en það verður líka gott að afhenda keflið til nýrrar og ferskrar útgáfunefndar í vor.

F.h. samskipta- og útgáfunefndar:

Sólborg Alda Pétursdóttir,

formaður

Félaga- og útbreiðslunefnd

Nefndina skipa:

Sigríður Guttormsdóttir, Epsilondeild

Sigríður Guðnadóttir Epsilondeild

Elín Elísabet Magnúsdóttir Betadeild

Á starfstímabilinu hefur nefndin haldið utan um og uppfært félagatal landssambandsins en Eygló Björnsdóttir, vefstjóri, hefur séð um að setja leiðréttingarnar inn á vefsíðu samtakanna. Hver deild sér síðan um félagatal sinnar deildar.

Formaður nefndarinnar hefur séð um að senda skýrslur til höfuðstöðvanna í U.S.A. um látna féлага. Þrjú félagar hafa látist á starfstímabilinu. Handbók DKG er einnig aðgengileg til

útprentunar á vefsíðunni okkar. Nefndin ásamt landssambandsforseta hefur endurskoðað bókina og **gert nokkrar orðalagsbreytingar**. Allar frekari ábendingar eru vel þegnar. Helsta verkefni nefndarinnar þetta starfstímabil var stofnun nýrrar deildar á Norðurlandi vestra með miklum og dyggum stuðningi Eyglóar Björnsdóttur, landssambandsforseta. Vel gekk að fá ábendingar um öflugar konur sem sinna hinum ýmsu fræðslustörfum á svæðinu. Ráðist var til atlögu sl. haust og samband haft við um 40 konur, bæði símleiðis og með tölvupósti. Til að gera langa sögu stutta var kynningarfundur haldinn á Sauðárkróki þ. 22. nóvember 2016. Ferlinu lauk svo á þann gleðilega hátt að 13. deild DKG á Íslandi, Ný-deild, var stofnuð á Blönduósi 2. apríl sl. Átján glæsilegar konur hafa þar gengið til liðs við samtökin og eru þær boðnar innilega velkomnar. Að stofna nýja deild er mikil vinna en á sama tíma var það afskaplega gefandi.

F.h. félaga- og útbreiðslunefndar:
Sigríður Guttormsdóttir,
formaður

Laganefnd

Nefndina skipa:

Steinunn Guðmundsdóttir, lotadeild
Halldóra Jónsdóttir, Deltadeild
Bryndís Guðmundsdóttir, Þetadeild

Helsta hlutverk nefndarinnar er að:

1. Endurskoða lög og reglugerð landssambandsins í ljósi breytinga sem gerðar eru á lögum alþjóðasamtakanna og gætir þess að laga- og reglugerðarbreytingar brjóti ekki í bága við lög alþjóðasamtakanna.
2. Annast þýðingu landsambandslaga ef eftir því er kallað.
3. Hefur eftirlit með að samræmi sé milli laga, reglugerðar og handbókar.

Ekki þurfti að fara í neinar breytingar á lögum eða þýðingar. Það þurfti einungis að lagfæra orðalag og samræma milli laga og reglugerðar. Einstaka liðum var skipt niður í fleiri liði og aðrir sameinaðir. T.d. var lið I í 4. lagagrein skipt í sex liði í stað tveggja. Stafrófsröð var löguð í 8. lagagrein B lið.

Í reglugerðinni var orðalag lagað aðeins til og samræmt. Í 3. grein (skipulag), lið þrjú og fjögur. Það sama á við um 6. grein A. (störf fastanefnda) þar var gerðar lagfæringar á lið eitt og B. (hlutverk fastanefnda) þar voru lagfærðir liðir og samræmdir. Í 7. grein um þing og fundi var sú breyting gerð að á þinginu ræður 2/3 hluti greiddra atkvæða skráðra þátttakenda í stað meirihluti greiddra atkvæða.

Samstarf nefndarinnar var ekki margbrotið né mikið en að mínu mati tókst það vel. Samskiptin fóru fram í gegnum tölvupóst og Skype.

Ég vil þakka samnefndarkonunum fyrir gott samstarf. Þá færi ég Eygló Björnsdóttur landssambandsforseta sérstakar þakkir fyrir gott og hvetjandi samstarf. Einnig þakka ég Auði Torfadóttur lögsögumanni fyrir hennar góða starf og stuðning við nefndina.

F. h. laganefndar:
Steinunn Guðmundsdóttir,
formaður

Menntamálanefnd

Landssambandsforseti skipar í samráði við landssambandsstjórn a.m.k. þrjár félagskonur í menntamálanefnd til tveggja ára, þar af eina sem formann. Nefndin skiptir með sér verkum að öðru leyti.

Árið 2015–2017 skipa eftirfarandi konur nefndina:

Formaður: Sigríður Herdís Pálsdóttir, Zetadeild

Sigríður Ruth Magnúsdóttir, Zetadeild

Jenný Gunnbjörnsdóttir, Mýdeild

Birna María Svanbjörnsdóttir, Mýdeild (2015–2016)

Guðný Sigríður Ólafsdóttir, Mýdeild (2016–2017)

Það sem við í menntamálanefndinn gerðum á þessu tímabili var að skipuleggja erindi á vorþingi 2016 og erindi á landssambandsþingi 2017. Vorþingið var um Fjölmenningu og samtakamátt og tókst mjög vel. Landssambandsþingið er um Forystu og faglegt lærdómssamfélag.

Nefndin var skipuð fulltrúum af Austurlandi og Norðurlandi. Öll skipulagning fór fram á fundum í gegnum Skype og á Facebook. Við skiptum með okkur verkum og höfðum forseta landssambandsins með í ráðum.

Vel gekk hjá okkur að vinna svona á netinu og sýnir að fjarlægðin á milli nefndarmanna þarf ekki að vera vandamál þegar við höfum tæknina með okkur.

F. h. menntamálanefndar:

Sigríður Herdís Pálsdóttir

formaður

Námsstyrkjanefnd

Í nefndinni voru: Ágústa Unnur Gunnarsdóttir Etadeild, María Steingrímsdóttir Betadeild og Sigrún Ásta Jónsdóttir formaður úr Þetadeild

Megin hlutverk nefndarinnar er að vekja athygli og efla áhuga félagskvenna á þeim styrkjum sem í boði eru á vegum samtakanna, erlendum sem innlendum og sjá til þess að upplýsingar þar um komist á vefsíðu Landsambandsins. Enn fremur að fara yfir umsóknir sem berast í íslenska námsstyrkjasóðinn og gera tillögur um úthlutun úr honum til Landsambandsstjórnar.

Nefndarkonur fundu því miður aldrei tíma til að hittast en við ræddum saman í gegnum tölvupósta. Vinna við verkefni nefndarinnar var stopul og vorum við mjög heppnar að landsambandsforseti sá til þess að hinir ýmsu styrkir sem í boði eru voru auglýstir á vefsvæðum DKG á Íslandi.

Meginhlutverk íslenska námsstyrkjasjóðsins er að styrkja félagskonur í Delta Kappa Gamma á Íslandi sem vinna að lokaverkefnum í meistara- og doktorsnámi eða stunda annað sambærilegt framhaldsnám. Sjóðurinn heyrir beint undir stjórn landssambandsins og ber stjórn landsambandsins ábyrgð á að auglýsa úthlutun úr sjóðnum hverju sinni. Veitt er úr sjóðnum annað hvert ár, það ár sem landssambandsþing er haldið og styrkinn skal afhenda á landsambandsþingi. Landssambandsstjórn ákveður hvaða upphæð kemur til úthlutunar hverju sinni og tilkynnir námsstyrkjasjóðsnefnd um það. Umsóknarfrestur um styrkinn er til

og með 1. mars það ár sem úthluta á úr sjóðnum og einungis félagar í Delta Kappa Gamma á Íslandi geta sótt um styrk.

Tekið var á móti tveimur umsóknum til íslenska námsstyrkjasjóðsins en báðar komu þær frá félagskonum í Mý-deild. Frá Björgu Eiríksdóttur framhaldsskólakennara í Verkmenntaskólanum á Akureyri og Maríu Aðalssteinsdóttur grunnskólakennara við Oddeyrarskóla á Akureyri.

Báðir umsækjendur eru að ljúka MA prófi á sínu sérsviði. Meistaraverkefni Bjargar er 90 eininga verkefni og heiti þess er: *Ég sé með teikningu: Mótun námsefnis í samvinnu við nemendur*. Megin tilgangur og markmið verkefnisins er að efla myndlistarkennslu og móta nýtt námsefni í teikningu. Í verkefninu fjallar Björg um þróun á aðferðum við teiknikennslu og skoðar hún bæði sínar vinnuaðferðir og aflar einnig upplýsinga hjá nemendum sínum. Niðurstöður verkefnisins eru settar fram með þrennum hætti; rannsóknarskýrslu, myndlistarsýningu og hugmyndabanka sem inniheldur 40 verkefni fyrir kennara í grunnskólum til að setja nemendur í aðstæður til teiknináms. Áætlað er að Námsgagnastofnun gefi Verkefnabankann út á næsta ári.

Rannsókn Maríu fjallar um tengslin milli grunn- og framhaldsskólastigsins þegar kemur að stærðfræði og heiti þess er *Stærðfræðinám og –kennsla á unglíngastigi á Akureyri. Reynsla nemenda*. Markmið verkefnisins er að skapa þekkingu sem gagnast kennurum sem kenna unglíngum stærðfræði í grunnskóla þannig að þeir geti sem best undirbúið nemendur sína undir nám í framhaldsskólum í stærðfræði. Í verkefninu kannar hún hvaða kennsluáðferðir á unglíngastigi í stærðfræði hafa jákvæð áhrif á nemendur og á hvaða hátt grunnskólinn undirbýr ungmenni fyrir nám í stærðfræði á framhaldsskólastigi. Niðurstöður PISA rannsóknarinnar 2012, þar sem lögð var áhersla á læsi á stærðfræði við lok grunnskóla, eru hafðar að leiðarljósi í rannsókninni. María hefur mikla reynslu af stærðfræðikennslu og er sú þekking afar verðmæt í framþróun stærðfræðikennslunnar á tveimur skólastigum.

Báðar þessar umsóknir sýna þá miklu breidd og metnað sem finna má innan menntavísinda og niðurstaða nefndarinnar var því, með leyfi landssambandsstjórnar, að veita báðum umsækjendum styrk hvorri að upphæð eitt hundrað þúsund krónur.

Ég þakka samnefndarkonum mínum samvinnuna og landssambandsforsetanum, Eygló Björnsdóttur hennar aðstoð.

F. h. námsstyrkjanefndar:
Sigrún Ásta Jónsdóttir,
formaður

Uppstillingarnefnd

Nefndina skipa:

Ingibjörg Jónasdóttir formaður, Gammadeild
Marta Guðjónsdóttir, Alfadeild
Guðríður Sigurðardóttir, lotadeild

Uppstillingarnefnd kallaði eftir tilnefningum frá deildum og bærust nokkrar tilnefningar, en einnig frá ýmsum félagskonum beint til nefndarinnar. Nefndin hafði samband við þær félagskonur sem tilnefndar voru eftir því sem ástæða var til. Tilnefningar dreifðustu nokkuð vel milli deilda bæði í stjórn og fastar nefndir, en benda má á að nýju deildirnar mættu vel vera sýnilegri í stjórn fyrir landssambandið.

Uppstillingarnefnd leggur fram eftirfarandi tillögu:

Uppstilling til Landssambandsstjórnar 2017-2019

Forseti	Jóna Benediktsdóttir, lotadeild	ionabene@gmail.com
1.varaforseti	Helga Magnea Steinsson, Zetadeild	helga@ismennt.is
2.varaforseti	Helga G. Halldórsdóttir, Gammadeild	helga@redcross.is
Ritari	Ingibjörg E. Guðmundsdóttir , Alfadeild	ieg@internet.is
Meðstjórnandi	Jónína Hauksdóttir , Betadeild	ioninahauks@gmail.com

Allar eru þær að hefja sitt fyrsta tímabil í stjórninni.

Uppstillingarnefnd 2017-2019:

Guðbjörg Sveinsdóttir, Þetadeild
Ingibjörg Jónasdóttir, Gammadeild
Jónína Eiríksdóttir, Deltadeild
Ingibjörg er sitt annað ár í nefndinni, en hinar báðar hið fyrsta.

Skoðunarmenn reikninga 2017-2019:

Hafdís Sigurgeirsdóttir Eta
Hildur Elín Vignir, Kappa
Hafdis er sitt annað tímabil, en Hildur sitt fyrsta sem skoðunarmenn.

F. h. uppstillingarnefndar:
Ingibjörg Jónasdóttir,
formaður

Skýrslur fulltrúa erlendra nefnda 2016–2017

Communications and Publicity Committee



Ég tók að mér að sitja í Samskipta- og útgáfunefnd fyrir Evrópusvæðið og var fyrsti fundur nefndarinnar haldinn í höfuðstöðvunum í Austin, Texas 22.-23. September 2016. Ferðin til Austin gekk vel enda fékk ég góð ráð frá Eygló Björnsdóttur landssambandsforseta hvernig best væri að ferðast til Austin og hún gaf mér gagnlegar upplýsingar um nefndarstörfin.

Á fyrsta fundinum var farið yfir þau verkefni sem ætluin er að vinna á næstu tveimur árum, sett niður áætlun og markmið fyrir starfstímabilið. Áhersla var lögð á að finna nýjar leiðir til að auka og einfalda samskipti félagskvenna og kynna starfsemi Delta Kappa Gamma (DKG). Jafnframt var rætt um að fara nýjar leiðir í að nýta tölvu- og upplýsingatækni í fræðslu- og útgáfustarfsemi á vegum DKG.

Það er ekki lengur hlutverk nefndarinnar að yfirfara allar vefsíður landsambanda og deilda. Landsambands- og deildavefstjórar bera ábyrgð á að uppfæra vefi í samræmi við ákveðið viðmið fyrir útlit og innihald vefsíðna samtakanna. Hlutverk nefndarinnar er að hafa umsjón með verkefninu og senda vefstjórum eyðublað þar sem ákveðin viðmið um útlit og innihald koma fram og vefstjórar eru beðnir um að uppfæra vefi samtakanna í samræmi við viðmiðin, fylla út eyðublað þess efnis og senda til höfuðstöðvanna. Ef vefir samtakanna uppfylla þessi ákveðnu viðmið um útlit og innihald, þá úthluta eða endurnýja höfuðstöðvarnar „viðurkenningartáknið“ og krækja í vefsíðurnar á vef alþjóðasambandsins.

Í byrjun október fengu vefstjórar Evrópusvæðisins eyðublaðið sent með tölvupósti. Í lok mánaðarins höfðu flestallir vefstjórar lokið við að uppfæra vefi sína í samræmi við þessi ákveðnu viðmið um útlit og innihald og fengið „viðurkenningartákn“.

Fleiri verkefni voru unnin á þessu tímabil og var eitt þeirra að fara yfir leiðbeiningar fyrir vefstjóra og ritstjórnir. Leiðbeiningarnar eru hafðar til viðmiðunar á námskeiðum sem haldin eru á svæðisráðstefnum fyrir vefstjóra og ritstjórnir landsambanda. Annað verkefni var að safna upplýsingum um „Social Media“ og útlista hvernig félagskonur geta hugsanlega nýtt sér það í samskiptum og starfi. Nefndarkonur eru hvattar til að koma með tillögur að efni um

tölvu- og upplýsingatækni sem nefndarkona tekur að sér að blogga um fyrir hönd nefndarinnar.

Annar hvern mánuð er gefið út fréttabréfið „Get Connected“ og skiptast nefndarkonur á að skrifa í blaðið, hægt er að nálgast fréttabréfið á vefsvæði okkar undir Útgáfumál.

Eftir fundinn í Austin hafa verið haldnir þrjú veffundir í gegnum veffundakerfið Go to meeting. Fyrsti fundurinn var haldinn 3. desember, annar þann 21. janúar og sá þriðji 22. apríl og fjórði fundurinn er fyrirhugaður 3. júní. Fundirnir hafa gengið vel og hefur fundarefnið verið mismunandi m.a. farið yfir leiðbeiningar fyrir vef- og ritstjórnir og síðasti fundur fjallaði m.a. um breytingar á vefsíðu höfuðstöðvanna og fyrirhugaðri svæðisráðstefnu nú í sumar.

Nefndarkonur þurfa meðal annars að standa fyrir kynningum og hvetja til samskipta og tengsla innan svæðanna og koma að þjálfun fyrir vefstjóra og ritstjórnir landssambanda. Næsti fundur nefndarinnar er fyrirhugaður í Austin í Texas 15.-16. september næsta haust.

Kristín Helga Guðmundsdóttir,
Etadeild

Editorial Board Committee



Hlutverk alþjóðlegu ritnefndar DKG er að halda utan um útgáfu tímaritsins *Bulletin* og gefa út faglegt og áhugavert efni á sviði menntunar. Öflug útgáfa sem vekur athygli á því fjölbætta starfi sem DKG meðlimir eiga aðild að er mikilvægur liður í því að skapa nýja þekkingu og hvetja til þróunar starfshátta.

Ég tók sæti í ritnefnd DKG árið 2016 og hitti ritstjórnina á tveggja daga vinnufundi í höfuðstöðvum DKG í Austin, Texas-fylki í september 2016. Í nefndinni eru frábærar konur: Judy Merz leiðir hópinn og síðan erum við fjórar sem vinnum með henni, ásamt mér eru það: Margaret Trybus, Nora Pollard og Barbara Perry Sheldon.

The Bulletin er gefið út með tvennum hætti, annars vegar *Collegial Exchange* sem er prentað og *International Journal for Professional Educators* sem er gefið út eingöngu rafrænt.

Collegial Exchange er með styttri, hagnýtari greinum og miðar að því að ná til kennara og fagfólks. Einnig er tekið á mótum greinum um áhugaverð verkefni á vegum deilda; *The International Journal* samanstendur af fræðilegri greinum sem byggjast á rannsóknum og þróunarverkefnum á sviði fræðslu- og menntamála.

Við lesum allar yfir drög að þeim greinum sem berast og sendum inn ábendingar til ritstjórans um það efni. Ég hef lært mikið af því að taka þátt í þessu starfi. Bæði er mjög lærdómsríkt og áhugavert að lesa yfir þessar ólíku greinar, en einnig er mikilsvert að fá að kynnast þessum reynslumiklu konum sem starfa í nefndinni og læra af þeim.

Við í nefndinni höfum gert nokkrar tillögur að breytingum á lögum og reglum Delta Kappa Gamma sem verða teknar fyrir árið 2018. Breytingartillögur okkar miða að því að einfalda ýmsa verkferla varðandi mótun og skipulag útgáfunnar. Eitt af því sem við leggjum til að verði rætt er að tímaritið *Bulletin* verði aðgengilegt í opnum aðgangi. Í dag eru greinarnar eingöngu aðgengilegar DKG meðlimum í gegnum lokað vefsvæði á heimasíðu DKG.

Allar upplýsingar um ritnefndina og tímaritin er að finna á slóðinni:

http://www.dkg.org/DKGMember/Committees/Boards_Jury/Editorial_Board/DKGMember/Committees/Boards_Jury/Ed_Board.aspx?hkey=185589b3-f21c-4cb4-9da2-b2f1766b5d8c.

Nokkuð hefur dregið úr innsendu efni, og því miður berst lítið af efni frá aðildarfélögum utan Bandaríkjanna. Ég hvet deildir til að taka einn fund til að skoða bæði *Collegial Exchange* og *Bulletin* (á netinu) og taka greinar til umræðu. Einnig væri mjög vel þegið að fá ábendingar um efnistöku, þemu og hvernig tímaritin gætu betur komið til móts við DKG meðlimi og/eða samfélagið. Að lokum, það væri virkilega ánægjulegt að fá fleiri innsendar greinar frá Íslandi og ég hvet því DKG systur til að senda inn greinar og fréttir um áhugaverðar nýjungar, starfshætti, þróunarverkefni og/eða rannsóknir. Það er lærdómsríkt að setjast niður og skrifa um starf sitt, ígrunda og vekja athygli á því sem vel er gert.

Kolbrún Pálsdóttir,
Lambdadeild

Educators Award's Committee



Committee members:

Ann Todd	Region: Northeast
Sally Nyhus	Region: Northwest
Beth Barzdukas	Region: Southwest
Anh-Dao Tran	Region: Europe
Elaine Warwick	Region: Southeast
Carolyn Pittman	International President
Nita Scott	Headquarters, Membership Services Administrator

The committee meeting took place at DKG Headquarter in Austin between April 4-5, 2017. I arrived the day before but the rest of the other four ladies arrived on the morning of the 4th. We all gathered in the hotel lobby and walked together to DKG Headquarter. Carolyn Pittman, International President and Nita Scott Headquarters, Membership Services Administrator received us and gave us a tour of the place. After a tour of Headquarters, committee members moved to the board room to start the meeting. The committee worked long and hard hours during these one and a half days and completed all the tasks that were set to be accomplished. Besides choosing the book that is to be awarded for the 2016 DKG book award, the committee also viewed and made corrections to the Educators Award Evaluation Form, reviewed the committee goals as written in 2016, discussed about the break-out sessions in regional conferences, discussed about publicity for the 2016 winning book (developing flyer, article writing), discussed the current committee page on the website, revised the committee 2014 procedure and guidelines, recommended the amendments about the committee in the constitution.

On a personal note, I was honored to have the opportunity to learn, contribute, and work with these committee members. It was a very rewarding experience.

Anh-Dao Tran,
Gammadeild

Educational Excellence Committee



Við erum 13 sem sitjum í þessari nefnd, tvær frá hverju svæði auk heimsforsetaDKG. Fyrir hönd Evrópu er undirrituð ásamt Janny Kistemann frá Hollandi. Formaður nefndarinnar er Cynthia Moore frá Canada og er nokkur vandi á höndum þar sem þessi nefnd tók við af fyrri nefnd sem var talsvert minni og eru um það deildar meiningar hvort það séu ekki óþarflega margir meðlimir og spurt var hvort fundirnir yrðu jafnmarkvissir þegar svo margir eru viðstaddir og ekki hægt að tryggja að allir hafi tækifæri til að láta í sér heyra. Þessi nefndartilhögun er til endurskoðunar.

Nefndin hélt sinn fyrsta fund í höfuðstöðvum DKG í Austin Texas um miðjan nóvember sl. Miklar umræður voru um hlutverk nefndarinnar og hvernig hún skyldi starfa svo vel mætti fara. Flestar nefndarkonur voru sammála um að hafa að leiðarljósi það málefni sem fyrri nefnd hafði ákveðið eða að DKG beiti sér fyrir öflugum stuðningi við nýtskrifaða kennara og styddi við bakið á þeim þegar þeir taka sín fyrstu skref í starfinu. Þannig g'ti DKG aft óbein áhrif á gæði menntunar í sínu nærumhverfi.

Í ljós hefur komið að geysilega afföll verða í röðum nýrra kennara og skrifa ýmsir þá þróun á ónógan stuðning á fyrstu mánuðum!árum í kennslu. Með hvað hætti skyldi veita slíkan stuðning er stóra spurningin og vænst er hugmynd frá hinum ýmsu landsamtökum eftir að kynning hefur farið fram. Annað sem nefndin ræddi var stuðningur við verkefnið skóla í Afríku, schools for Africa, og var mikill áhugi á að halda því áfram.

Nefndin hefur haldið þrjá símafundi frá því hún hittist í nóvember og er fundarefnið að búa til kynningarprógramm sem verður boðið á umdæmisþingum DKG á þessu ári en eins og kunnugt er verður Evrópuþingið í Tallinn í Eistlandi í júlí nk. Allar hugmyndir frá félögum DKG varðandi viðfangsefni nefndarinnar eru vel þegnar. Miklar og nákvæmar upplýsingar um þessa nefnd og aðrar á vegum DKG eru á síðu samtakanna.

Steinunn Ármannsdóttir,
Alfateild

Evrópu Forum



Í Evrópunefndinni (European Forum Committee) sitja fulltrúar frá þeim átta þátttökulöndum sem eru á Evrópusvæðinu. Löndin eru Ísland, Noregur, Eistland, Þýskaland, Finnland, Holland, Bretland og Svíþjóð. Einnig situr svæðisstjóri Evrópu fundina.

Evrópu Forum nefndarfundur í nóvember 2016

Fundir í nefndinni eru haldnir einu sinni á ári. Fyrsti fundur nefndarinnar var haldinn á heimili svæðisstjórans Bjargar Nakling sem býr rétt fyrir utan Osló.

Helstu umfjöllunarefni fundarins voru:

- Endurskoðun og lagfæringar á European Forum Operational Guidelines og Strategic Action Plan.
- Farið yfir stöðu fjármála.
- Farið yfir starfið á árunum 2015 og 2016 og lærdóma sem af því megi draga.
- Ungar DKG konur. Rætt um mikilvægi þess að fjölga ungum konum. Ákveðið var að fá ungar konur sem eru í DKG til að svara því hvers vegna þær gengu í DKG og hvaða væntingar þær hafi. Svörin verða kynnt á Evrópuþinginu.
- The European Achievement Award. Hefð er fyrir því að heiðra konu á Evrópuþinginu sem hefur unnið mikið fyrir DKG og verið virk í starfi á vegum Evrópusvæðisins. Fyrir Evrópu Forum fundinn tilnefndi hvert Evrópulandanna einn heiðursverðlaunahafa. Á fundinum var farið yfir tilnefningarnar og var niðurstaðan samhljóða um þá konu sem ætti að heiðra. Á Evrópuþinginu í Tallin í sumar verður tilkynnt hvaða kona fær „The European Achievement Award“
- Vefurinn. Mikil umræða var um hvort það ætti að uppfæra Evrópu Forum vefinn sem Eygló Björnsdóttir hefur séð um. Auk þess sem hún hefur séð um vef DKG á Íslandi. Niðurstaðan var sú að Evrópuvefurinn verður ekki uppfærður en Ísland hefur þegar ákveðið að uppfæra sinn vef þó að ekki væri nema til að uppfylla nýjustu öryggiskröfur.

Sjá **fundargerðir** Evrópu Forum funda.

Evrópuþingið í Tallin í Eistlandi í sumar

Evrópu Forum nefndin hefur skipulagt fund sem haldinn verður laugardagsmorguninn 29. júlí, fyrir aðalráðstefnu Evrópuþingsins

Á fyrri hluta fundarins verður miðlað almennum upplýsingum um Evrópusvæðið og þau málefni sem DKG konur í Evrópu eiga sameiginleg.

Seinni hluti fundarins verður nú sem fyrr helgaður málefni sem efst er á baugi hverju sinni. Að þessu sinni var ákveðið að fá fyrirlesara til að kynna verkefni sem tengjast aðlögun innflytjendabarna að samfélaginu. Fyrirlesarar verða Monika Hüber og Gudrun Nylander, DKG félagar frá Þýskalandi og Svíþjóð.

Monika mun fjalla um *Tandem* sem er verkefni sem hún ýtti úr vör árið 2013. Markmið verkefnisins er að finna fjölskyldur sem vilja taka að sér innflytjendabörn í vikutíma, leyfa þeim að búa hjá sér og hjálpa þeim að aðlagast nýjum aðstæðum.

Guðrún mun kynna verkefni á hennar vegum, sem er kennsla í sænsku sem annað tungumál fyrir innflytjendabörn sem eru nýkomin til Svíþjóðar.

Nánar má lesa um störf European Forum á [vef þess](#).

Kristín Jónsdóttir,
Gammadeild

Golden Gift Fund



Hlutverk nefndarinnar er að undirbúa leiðtoga- og stjórnunarnámskeið, Leadership Management Seminar, LMS, við háskólann í Texas (UT) í Austin , 1.-13.júlí 2018.

Umsókn þarf að berast síðasta lagi 1.desember 2017, en þar sem meðmælabréf þurfa að fylgja er gott að vera í tíma að sækja um. Umsóknareyðublöð verða birt á vefnum 1. júní 2017.

Kostnaður á þátttakanda er 600 dollara og er það aðeins örlítið brot af kostnaði þar sem heildakostnaður hleypur á 8 -10 þúsund dollurum, þar með talið eru ferðir, uppihald og námskostnaður. Kostnaðurinn er greiddur af arði af höfuðstól Golden Gift sjóðsins, en sjóðurinn var stofnaður 1979 þegar samtökin áttu 50 ára afmæli. Unnt hefur verið að halda námskeiðin annað hvert ár.

Verkefni nefndarinnar er að fara yfir alla verkferla, eyðblöð og fjármál, breyta því sem þarf og uppfæra. Nefndin kom sér saman um á fyrsta fundi sínum í janúarlok 2017 að leggja auk þess áherslu á mikilvægi leiðtogans í einstaklingnum. Hvetja konur til sækja um þetta námskeið, en einnig að rækta leiðtogann í sér bæði persónulega og faglega. Leita eftir að efla stjórnunarhæfni sína með þátttöku, m.a. með virkni í samtökunum.

Einkunnarorð nefndarinnar að þessu sinni eru því: *Leaders... – Here, There and Everywhere.*

Ég vonast til að sjá konur taka við sér og sækja um þetta frábæra námskeið. Það eru einungis 4 konur frá Íslandi sem hafa verið þátttakendur, en Evrópukonurnar eru afar heppnar að hafa verið þátttakendur á flestum námskeiðunum, þrátt fyrir hve hlutfallslega fáar þær eru.

Ingibjörg Jónasdóttir
Gammadeild

Nomination Committee



Sigrún Klara Hannesdóttir kom að máli við mig sumarið 2013 til þess að fá mig til þess að sækja um Evrópusætið í Uppstillinganefnd samtakanna. Til þess að gera langa sögu stutta þá var ég kosin til fjögurra ára á þinginu í Indianapolis 2014 með 85% atkvæða!

Á tveggja ára fresti er kosið í aðalembætti samtakanna, þar á meðal Forseta, 1. og 2. forseta svo og fulltrúa landshluta (svæða). 21 embætti. Það hvílir mikil leynd yfir þessu og þegar við veljum í þessi embætti, erum við ekki að funda í aðalstöðvunum í Austin, heldur á hóteli - vel læstar inni! Erfiðast fannst mér að fara yfir þessar umsóknir, enda þekkti ég lítið til þeirra, sem sóttu um og þurfti að verða mér úti um upplýsingar um þær. Eg notaði reynslu mína í skipulagsfræðum og náminu við háskólann í Austin, Texas, þegar ég var valin í Golden Gift.

Við erum 10 í nefndinni - 2 frá hverju svæði. Ég byrjaði með Kate York frá Englandi og er nú með Marianne Skardéus frá Svíþjóð. Ég er svo heppin að hafa verið við nám 1985 við University of Central Florida í Orlando og bjó þá hjá Jóhönnu Stefánsdóttur frá Kalmanstungu í Borgarfirði, stúdent MR 56 og MA í þýsku og hjúkrunarfræðingur. Fundir í nefndinni eru

haldnir á haustin og ég flýg til Orlando og dvel hjá Jóhönnu í nokkra daga til þess að venjast tímamismuninum, flýg svo þaðan til Austin. Nokkrir símafundir eru einnig haldnir.

Það hefur verið afar ánægjulegt að taka þátt í þessu alþjóðastarfi Delta Kappa Gamma. Ég hef kynnst svo mörgu ágætu og skemmtilegu fólki.

Sjöfn Sigurbjörnsdóttir,
Alfedeild

World Fellowship Committee



Ein af styrkjanefndum Delta Kappa Gamma samtakanna nefnist World Fellowship Committee. World Fellowship sjóðurinn var stofnaður árið 1946 en það var fyrst árið 1972 að nefndin varð að fastanefnd innan samtakanna. Í nefndinni sitja fimm konur, tilnefndar af alþjóða forseta DKG, ein frá hverju svæði samtakanna auk ritara sem er starfsmaður samtakanna og alþjóðaforseta.

Nefndin hefur það hlutverk að úthluta styrkjum til kvenna sem hyggja á doktors eða mastersnám í völdum háskólum í Bandaríkjunum eða Kanada. Umsækjendur mega ekki vera meðlimir í DKG og mega ekki vera með fasta búsetu í Bandaríkjunum eða Kanada. Að námi loknu ætli þær að starfa við fræðslustörf í heimalandi sínu.

Konurnar, sem sækja um styrki koma alls staðar að úr heiminum og eru margar hverjar með ótrúlegan bakgrunn og hafa þurft að berjast fyrir eigin menntun og jafnvel tilveru sinni. Þær eru hver annarri stórkostlegri og hafa langa og mikla lífsreynslu og glæsilegan námsferil í farteskinu svo ekki sé meira sagt.

Umsóknareyðublöð má nálgast hjá Menntamálaráðuneytum viðkomandi landa og í bandarískum sendiráðum í tengslum við Fullbright stofnunina. Umsóknirnar eru valdar af Institute of International Education (IIE) í Bandaríkjunum og ákveðinni nefnd í Kanada.

Nefndirnar senda síðan umsóknir sem passa fyrir DKG til höfuðstöðvanna í Austin. Þar er þeim safnað saman og úthlutunarnefndin, World Fellowship Committee, fær þær því næst sendar til yfirlestrar. Nefndarkonur koma síðan saman á fundi í Austin og ákveða hverjar skuli hljóta styrkina hverju sinni.

Í ár voru veittir 22 styrkir og 14 framhaldsstyrkir samtals 100.000 dollarar.

Frá 1960 hafa 963 konur fengið styrki úr DKG World Fellowship sjóðnum.

Gaman er að geta þess, að ein íslensk kona, Auður Þórisdóttir, sem stundar doktorsnám í Kanada var meðal þeirra sem hlutu styrk frá nefndinni í ár.

Þess má geta að núverandi forseti samtakanna, Eygló Björnsdóttir, átti sæti í World Fellowship nefndinni á síðasta kjörtímabili, einnig hefur Sigrún Klara Hannesdóttir, handhafi æðstu heiðursviðurkenningar DKG International Achievement Award, verið formaður í nefndinni, auk þess að vera DKG orld Fellowship styrkþegi áður en hún varð meðlimur í DKG.

Að lokum: The DKG World Fellowship Committee hefur ætíð lagt metnað í að veita hæfileikaríkum konum er skara fram úr í framhaldsnámi viðurkenningar með styrkveitingu frá alþjóðasamtökunum.

Sigríður Ragna Sigurðardóttir
Alfæðild